



FRETTABLAÐIÐ



„Við teljum þetta ekki vera óleyfisframkvæmd,“ segir Þröstur Eysteinnsson skógræktarstjóri. Hreppurinn kallaði til lögreglu til að stöðva slóðagerð Skógræktarinnar í Dragafelli. SJÁ SIÐU 2 MYND/ÁSEND

Fimm náttúruverndarsamtök og landeigendur kæra Hnútuvirkjun

Náttúruundur í sögufrægu Skaftáreldahrauni eru að mati fjölda heimamanna og náttúruverndarsamtaka í hættu, gangi áform um virkjun í Hverfisfljóti eftir.

ser@frettabladid.is

STJÓRNSÝSLA Fimm náttúruverndarsamtök ásamt hópi landeigenda í grennd við Hverfisfljót í Skaftárhreppi hafa kært ákvörðun sveitarstjórnar Skaftárhrepps um að gefa út framkvæmdaleyfi vegna 9,3 MW virkjunar við Hnútu í Hverfisfljóti.

Samtökin sem um ræðir eru Landvernd, Eldvötn-samtök um náttúruvernd í Skaftárhreppi, Náttúruverndarsamtök Suðurlands,

Náttúruverndarsamtök Íslands og Ungir umhverfissinnar. Er kærinni beint til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.

Í kærinni segir að Hnútuvirkjun fæli í sér brot á náttúruverndarlögum þar sem eldhraunum, fossum og víðernum sem njóta verndar verði spillt. Þá yrðu lög um umhverfismat og útgáfu framkvæmdaleyfis brotin þar eð ekki yrði tekið tillit til afar neikvæðs álits Skipulagsstofnunar.

„Skaftárhreppur býr yfir magnaðri, lítt raskaðri og verðmætri náttúru og mikilvægasta atvinnugrein sveitarfélagsins, ferðaþjónustan, byggir á því ríkidæmi. Ferðamenn koma ekki í Skaftárhrepp til að skoða virkjanir eða keyra á vegum.



Ferðamenn koma ekki í Skaftárhrepp til að skoða virkjanir eða keyra á vegum. Þeir koma til að skoða einstæða náttúru.

Úr kæru vegna Hnútuvirkjunar

Þeir koma til að skoða einstæða náttúru,“ segir orðrétt í kærinni.

Með virkjuninni verði spillt víðernum á stóru svæði, að hluta innan Vatnajökulsþjóðgarðs, sem og innan hálandismarka.

Í kærinni segir að Núpahrauni, Skaftáreldahrauni og fossaröðinni í Lambhaga og Faxa yrði raskað, en þessi svæði njóti sérstakrar verndar með lögum um náttúruvernd.

Loks er bent á að Skipulagsstofnun telji að ekki hafi verið sýnt fram á brýna nauðsyn með framkvæmdinni, en gera verði nákvæma grein fyrir brýnum almannahagsmunum ef réttlæta eigi rask á svo einstökum náttúruundrum í Skaftáreldahrauni, sem hafi þar að auki mikla sérstöðu. ■

Fé úr Silkroad-sjóði í tækjakaup

LÖGREGLUMÁL „Við höfum ekki fengið sérstaka fjárveitingu vegna þessara rannsókna en við fengum úthlutun úr svokölluðum Silkroad-sjóði árið 2019 og höfum notað það fé til að bæta tæknibúnað sem nýst hefur í þessum rannsóknum,“ segir Halla Bergþóra Björnsdóttir, lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu.



Halla Bergþóra Björnsdóttir, lögreglustjóri

Greint var frá umfangsmiklum rannsóknum lögreglunnar á skipulagðri brotastarfsemi í gær.

Meðal annars hafi verið fest kaup á búnaði sem auðveldi rannsóknir á símagögnum og eftirfararbúnað. SJÁ SIÐU 4.

Eclipse Cross PHEV 4x4

Förum saman út í bláinn!

Eclipse Cross PHEV getur **dregið 1.5 tonn**, er með lykjaláusu aðgengi, hraðastilli, hita í stýri, bakkmyndavél, þreytuviðvörðun, akreinavara o.fl. — Verð frá **5.970.000 kr.**

H HeKla Laugavegi 174, 105 Rvk. — www.hekla.is



Fær skaðabætur frá Borgarbyggð

gar@frettabladid.is

DÓMSMÁL Starfsmanni Borgarbyggðar, sem tagnaði á öxl er skjólstaðingur búsetuúrræðis togaði í hann, hafa verið dæmdar 7,7 milljónir króna í bætur frá sveitarfélaginu.

Er um að ræða atvik frá 2017.

„Atvik voru með þeim hætti að sögn stefnanda að hann hafi verið að fara með þroskaskertan skjólstaðing í bíltúr og verið að rétta honum sokka aftur fyrir sig þegar



Dómurinn segir það aðeins getgátur að ætla að tjónið hafi orðið vegna framgöngu mannsins sjálfs.

skjólstaðingurinn togar harkalega í hægri handlegg stefnanda sem leiddi til þess að hann varð fyrir líkamstjóni,“ er málinu lýst í dómi Héraðsdóms Vesturlands.

Borgarbyggð sagði atvinnuþátttöku mannsins eftir slysið sýna að áhrif atviksins hafi verið lítil og ósannað að slysið hafi í reynd orðið.

Dómurinn sagði það aðeins getgátur hjá Borgarbyggð að ætla að tjónið hafi orðið að einhverju leyti vegna framgöngu mannsins sjálfs í átökum við skjólstaðinginn. ■

Kældu sig niður í Hafnarfjarðarhöfn



Rjúmabliða var víða um landið í gær. Fólki leitar sér ýmissa leiða til þess að kæla sig þegar hitna fer í veðri. Mikið fjór var hjá krökkum í Hafnarfirði en þau skemmtu sér konunglega þegar þau stungu sér í sjóinn við Hafnarfjarðarhöfn.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Verð á fiskmörkuðum er hátt.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Aflaverðmæti hefur stóraukist í ár

ser@frettabladid.is

SJÁVARÚTVEGUR Verðmæti sjávarafila var nær 56 milljarðar króna á fyrstu þremur mánuðum ársins 2022, samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofunnar. Það er 28 prósent meira en á sama tímabili í fyrra er verðmætið var tæpir 44 milljarðar.

Verðmæti botnfisktegunda á fyrsta ársfjórðungi var rúmir

34 milljarðar króna sem er fimm prósent aukning milli ára. Loðnuveiðar skiluðu um 19 milljörðum sem er 136 prósent aukning frá fyrra ári.

Magn landaðs afila á fyrsta ársfjórðungi var tæp 564 þúsund tonn en 239 þúsund tonn í fyrra. Aukningin er mestu vegna 446 þúsund tonna loðnuveiði en tæp 71 þúsund tonn af loðnu veiddust á fyrsta árs-

Lögregla kölluð í Skorradal vegna slóða til skógræktar

Skipulagsfulltrúi Skorradalshrepps kallaði lögregluna til vegna slóðarúðnings Skógræktarinnar. Skógræktarstjóri segir þetta alvanalega framkvæmd og leyfi þurfi ekki.

kristinnhaukur@frettabladid.is

VESTURLAND Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttir, skipulagsfulltrúi Skorradalshrepps, kallaði til lögreglu til að stöðva slóðagerð Skógræktarinnar í Dragafelli. Það er nú í höndum hreppsnefndar hvort framkvæmdin verði kærð.

„Þetta er mjög sýnilegt og margir sem taka eftir þessu,“ segir Sigurbjörg sem fékk nokkrar ábendingar síðdegis á laugardag um að verið væri að ryðja slóðina. „Ég hringdi á lögregluna og óskaði eftir því að framkvæmdin yrði stöðvuð.“

Sigurbjörg segir að Skógræktin hafi ekki sótt um neitt framkvæmdaleyfi fyrir þessu og það megi ekki raska umhverfinu á þennan hátt. „Þá er þetta óleyfisframkvæmd,“ segir hún. Það sé hins vegar í höndum hreppsnefndar að staðfesta stöðvunina og taka ákvörðun um að kæra málið til lögreglu. Ekki er komin tímasetning á fund nefndarinnar.

Á laugardag fór lögreglan heim til skógarvæðingarsins á staðnum og verktakans sem sá um að ryðja slóðina til að taka af þeim skýrslu.

„Það virðist vera sem Skógræktin sé að halda eitthvað áfram og ég þarf að grennslast fyrir um það. Að þeir séu komnir með plöntur á staðinn,“ segir Sigurbjörg.

„Við í Skógræktinni erum alltaf að leggja slóðir. Við teljum þetta ekki vera óleyfisframkvæmd,“ segir Þröstur Eysteinnsson skógræktarstjóri. Hann bendir á að ríkið eigi landið og Skógræktin hafi umsjón með því. Skógur hafi verið rækt-



Slóðin sem rudd var í Dragafelli á laugardag.

MYND/ADSEND



Við getum ekki túlkað þetta á annan hátt en að þeir hafi verið grunaðir um glæp og yfirheyrðir.



Þröstur Eysteinnsson, skógræktarstjóri

ræktarframkvæmd og það er fullt af svona slóðum í skógræktarlöndum Skógræktarinnar, hjá skógræktarfélagum og skógræktarbændum,“ segir Þröstur.

Hann segir að þetta sé ekki stór framkvæmd og eins og vaninn sé verði sáð í sárið þegar notkun slóðarinnar verði hætt.

„Það var strax hringt í lögregluna áður en það var rætt við okkur. Það finnst okkur mjög óeðlilegt,“ segir Þröstur. Skipulagsfulltrúinn hafi nú sent erindi til Skógræktarinnar og því verði svarað. Hann segir hins vegar ekki rétt að framkvæmdin hafi verið stöðvuð. Henni hafi einfaldlega verið lokið áður en lögregla mætti á staðinn.

Þröstur segir að Skógræktinni finnst mjög undarlegt hvernig staðið hafi verið að málinu og skýrslutökunum. „Við getum ekki túlkað þetta á annan hátt en að þeir hafi verið grunaðir um glæp og yfirheyrðir. En það á alveg eftir að sýna fram á að nokkur glæpur hafi átt sér stað,“ segir Þröstur. ■

áður á jörðinni Stóru-Drageyri síðan 1971 og þessi slóð hafi verið lögð til að koma fólki og plöntum innar í dalinn.

„Það er alvanalegt að leggja svona slóðir til að komast að landi. Fullkomlega eðlilegur hluti af skóg-

Laugardaga kl. 10.00



www.hotelbokanir.is/lifid-er-lag-hladvarp og á Spotify

Sigurður K. Kolbeinsson ræðir við ýmsa þekktu og óþekktu Íslendinga um lífið og tilveruna og sagðar eru skemmtilega sögur og frásagnir aftur í tímann sem mörgum kunna að þykja skemmilegar.

Björn G. Björnsson er næsti gestur hlaðvarpsins.





SUBARU

Confidence in Motion

NÝR OG SPENNANDI

SUBARU OUTBACK



FYRIR ÍSLENSKAR AÐSTÆÐUR

Ef Subaru hentar í eitthvað þá eru það íslenskar aðstæður. Komdu til okkar og kynntu þér fjórhjóladrifið fræga og byltingarkennda EyeSight akstursaðstoð sem veitir þér og þínum alhliða öryggi.

TIL AFGREIÐSLU STRAX!

SUBARU OUTBACK 4x4 SJÁLFSKIPTUR

Verð frá: 7.590.000 kr.

5 ÁRA ÁBYRGÐ

 **EyeSight**
Driver Assist Technology

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
www.bilalareykjaness.is
862 2516

Bílasala Reykjaness
Reykjanesbæ
www.bilalareykjaness.is
419 1881

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

BL



Rúta við Leifsstöð. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Gert að upplýsa um staðgjöld

gar@frettabladid.is

UPPLÝSINGAMÁL Isavia hefur verið gert að veita Kynnisferðum aðgang að gögnum sem sýna fram á hvað tvö höpílafyrirtæki greiddu til Isavia ohf. í gjöld vegna afnota af svonefndum nær- og fjarstæðum við Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Kynnisferðir vildu fá gögn sem næðu til tímabilsins 1. mars 2019 til 30. desember 2020 en Isavia sagði slíka afhendingu myndu stangast á við 9. grein upplýsingalaga sem tekur til mikilvægra fjárhags- eða viðskiptahagsmuna. Gögnin sem um ræðir snerta fyrirtækin Höpíla hf. og Allrahanda GL ehf.

„Er það niðurstaða nefndarinnar að ekkert sé fram komið í málinu sem sé til þess fallið að skaða hagsmuni þeirra fyrirtækja sem upplýsingarnar varða efaðgangur er veittur að þeim,“ segir í úrskurði úrskurðarnefndar um upplýsingamál. ■



Kjúklingabú. FRÉTTABLAÐIÐ/FRIÐRIK ÞÓR

Frávik eru flest í alifuglaræktinni

ser@frettabladid.is

MATVÆLAFRAMLEIÐSLA Af öllum greinum matvælaframleiðslu hér á landi gerði Matvælastofnun oftast athugasemdir við alifuglarækt á síðasta ári, en sjaldnast í svínarækt.

Þetta kemur fram í ársskýrslu stofnunarinnar sem birt var í gær. Í henni segir að við reglubundið eftirlit með dýrahaldi hafi í rösklega þremur prósentum tilvika fundist alvarleg frávik í ræktun á alifugli. Næst oftast voru alvarleg frávik í fiskeldi og nautgriparækt. ■

Norðurskautsráðið fundar aftur en án Rússa

kristinnhaukur@frettabladid.is

UTANRÍKISMÁL Þau lönd sem eiga aðild að Norðurskautsráðinu taka upp fundi að nýju en halda Rússum utan við þá. Rússar segja að allar ákvarðanir án þeirra aðkomu að ráðinu verði ólöglegar.

Í kjölfarið á innrás Rússa í Úkraínu ákvað Norðurskautsráðið að hætta öllum fundahöldum þann 3. mars. Rússar tóku við formennsku í

ráðinu af Íslendingum í maí árið 2021 og eiga að fara með hana í ár til viðbótar.

Á miðvikudag ákváðu fulltrúar allra annarra ríkja en Rússlands að halda fundum áfram. Starfsemi ráðsins verður þó takmarkaðri en áður. Þessi lönd eru auk Íslands, Danmörk, Finnland, Svíþjóð, Noregur, Bandaríkin og Kanada. Þrettán önnur ríki hafa áheyrnarfulltrúa en þau tóku ekki þátt í ákvörðuninni.



Rússar tóku við formennsku í ráðinu fyrir ári síðan.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Anatoly Antonov, sendiherra Rússlands í Bandaríkjunum, brást við þessu í rússneska ríkismiðlinum TASS og lýsti því yfir að allt sem ákveðið yrði án aðkomu Rússa hefði enga þýðingu.

„Það er verið að nota þennan samráðsvettvang í stjórnmálalegum tilgangi,“ sagði Antonov.

Einnig sagði sendiherrann að ekki væri hægt að leysa áskoranir norðurslóða án aðkomu Rússa. ■

Telur mikla þörf á lagabreytingum vegna rannsókna á brotastarfsemi

Ákvæði í hegningarlögum um skipulagða brotastarfsemi er gamaldags að mati sviðsstjóra ákærusviðs hjá lögreglunni. Einnig þurfi að skýra rannsóknarheimildir lögreglu.

adalheidur@frettabladid.is

LÖGREGLUMÁL Styrkja þarf lagagrundvöll fyrir rannsóknir lögreglu á skipulagðri brotastarfsemi, að mati Huldu Elsu Björgvinsdóttur, sviðsstjóra ákærusviðs lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Hún segir lögregluna hafa fylgst með mönnum sem koma til landsins og hafi tengsl við skipulagða brotastarfsemi. „Í mínum huga væri mjög gott að hafa þetta skýrt og afmarkað í lögum þannig að það fari ekki milli mála að þetta sé heimilt.“ Segir hún en gildandi lög afmarka rannsóknarheimildir lögreglu við grun um tiltekna refsiverða háttsemi og brot sem hafa verið framin.

Hulda tekur dæmi um vitneskju lögreglu um mann sem kemur til landsins með tengsl við skipulagða brotastarfsemi. Lögreglan hafi ekki grun um tiltekið afbrot en hafi tengslin og vilji fylgjast með viðkomandi. „Þetta þyrfti að setja í góðan lagalegan búning og þá líka um eftirlit tengt því,“ segir Hulda Elsa.

Hún nefnir einnig ákvæði um gæsluvarðhald sem torveldi umfangsmiklar rannsóknir. Sé manni haldið í gæsluvarðhaldi þurfi að gefa út ákæru innan tólfviku frá handtöku, lengur megi ekki halda manni í gæslu, án ákæru. Þetta sé mjög þröngur tímarammi í viðamiklum rannsóknum.

Hulda Elsa vísar til áforma um lagabreytingar sem dómsmálaráð-



Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu, yfirmenn miðlægrar rannsóknardeildar og sviðsstjóri ákærusviðs greindu fjölmiðlum frá stærsta fíkniefnamáli sem upp hefur komið hér á landi, á blaðamannafundi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Hulda Elsa Björgvinsdóttir, sviðsstjóri ákærusviðs

herra kynnti í upphafi árs og segir mikla stefnumótunarvinnu hafa farið í gang í dómsmálaráðuneytinu árið 2020, meðal annars um þarfir lögreglunnar til rannsókna á þessu sviði.

Að lokum nefnir Hulda einnig ákvæði almennra hegningarlaga um skipulagða brotastarfsemi. „Ákvæðið er svolítið gamaldags, leyfi ég mér að segja. Við sjáum að mynstrið er töluvert ólíkt því sem menn lögðu upp með þegar ákvæðið var sett í lög,“ segir Hulda Elsa og bætir við: „Þess vegna hefur reynt ákaflega erfitt fyrir ákæruvaldið að fá sakkfellinguna á grundvelli þessa ákvæðis.“ ■


Mesta magn haldlagðra fíkniefna í sögunni

Í umfangsmikilli rannsókn lögreglu sem gerð var grein fyrir á blaðamannafundi í gær hefur verið lagt hald á 200 stykki af kannabispöntum, rúm 30 kíló af maríjúana, 20 kíló af hassi og sjö kíló af MDA-kristal, MDA-basa sem hægt er að framleiða úr yfir 200 þúsund e-töflur, tvö kíló af kókaini, eitt kíló af amfetamíni og rúmlega 40 lítra af amfetamínbasu, sem mætti breyta í allt að 170 kíló af amfetamíni, auk tveggja kílóa af mjög sterku fíkniefni sem kallast kristalmetamfetamín.

Áætlað söluandvirði efnanna er um 1,7 milljarðar króna. Tíu voru handteknir í maí grunaðir um aðild að málinu. Fimm voru úrskurðaðir í gæsluvarðhald og þrjú eru enn í varðhaldi. Meðal rannsóknaraðgerða sem ráðist var í voru fjöldi húisleita, öflun fjarskiptagagna og annarra gagna. Fyrstu kröfur um aðgerðir fóru í dóm í september 2020. Fyrst vegna öflunar fjarskiptagagna og annarra gagna en síðar vegna húisleita og gæsluvarðhaldskrafna. Dómkröfur vegna rannsókna eru orðnar á þriðja hundrað talsins. ■



Mikið magn fíkniefna bæði í föstu og fjótandi formi, var haldlagt í síðasta mánuði.



FRÉTTABLAÐIÐ
MEST LESNA DAGBLAÐ LANDSINS

FÆRÐU NÓG FYRIR PENINGANA?

Vissir þú að það þarf níu birtingar í Morgunblaðinu til að ná til sama fjölda með einni birtingu í Fréttablaðinu, ef miðað er við konur á aldrinum 25-54 ára á höfuðborgarsvæðinu?

Auglýstu í Fréttablaðinu og fáðu meira fyrir peningana.



Meira grill og góðgæti

HAGKAUP

Tilboð gilda út 12. júní



Lambalærissneiðar með salvíu, oregano og chili

3.699 kr/kg



Lambakótilettur með grillsmjöri

4.499 kr/kg



Ribeye hamborgarar 2x120 g

1.499 kr/pk



Prodigy vegan súkkulaðistykki

349 kr/stk



Meðlæti í álbakka tilbúið á grillið



Intergalactic Limited Edition Flavour

199 kr/stk

Nýtt

Fjöldagrafir eru enn teknar í Sýrlandi

sbt@frettabladid.is

SÝRLAND Ónefndur uppljóstrari frá Sýrlandi sagði þingnefnd á vegum bandaríska þingsins frá upplifun sinni í Sýrlandi á árunum 2011 til 2018. Eftir að borgarastyrjöldin í Sýrlandi hófst starfaði hann við að grafa lík í fjöldagrafir.

Klæddur í svört fót frá toppi til táar sagði uppljóstrarinn, sem kallaður hefur verið grafarinn, frá því að hann hefði heyrt frá fólki sem nýlega hefði flúið Sýrland. Það hefði sagt honum frá því að fjöldagrafir væru enn þá teknar í Sýrlandi.

Borgarastyrjöldin í Sýrlandi hefur staðið frá árinu 2011 eftir að friðsöm mótmæli gegn stjórn Bashar Al Assad breyttust skyndilega í blóðug mótmæli. Stríðið hefur því varað í rúman áratug og hefur kostað líf 400 þúsund Sýrlendinga. Milljónir hafa þurft að flýja heimili sín.

„Tvisvar sinnum í viku kom flutningabíll með 300 til 600 lík. Þetta fólk hafði látist eftir árásir,



Stríðið í Sýrlandi hefur varað í rúman áratug og hefur kostað líf 400.000 Sýrlendinga.

pyntingar og svo framvegis. Síðan kom annar bíll tvisvar í viku með 30 til 40 manns sem látist höfðu í Sednaya-fangelsinu,” sagði uppljóstrarinn. Fangelsið er rekið af ríkisstjórn Sýrlands.

Uppljóstrarinn náði að flýja Sýrland árið 2018, hann flúði fyrst til Evrópu, þangað sem fjölskylda hans hafði áður flúið, en hann er í dag búsettur, ásamt fjölskyldu sinni, í Bandaríkjunum. ■



Almenningur mótmælti frumvarpinu við þinghúsið.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Þriðja tilraun portúgalska þingsins til þess að lögleiða líknardráp á einu ári

sbt@frettabladid.is

PORTÚGAL Eftir tvær misheppnaðar tilraunir portúgölsku ríkisstjórnarinnar til að lögleiða líknardráp, hefur ríkisstjórnin í þriðja skiptið á rétt rúmlega einu ári lagt fram frumvarp þess efnis.

Málið átti í fyrri tvö skiptin að renna smurt í gegnum þingið, enda hefur ríkisstjórnin hreinan meiri-

hluta. Málið var þó stöðvað af stjórnarskrárdómstólnum í Portúgal, sem og forseta Portúgal, vegna þess hversu illa orðað og ónákvæmt frumvarpið var.

Samkvæmt frumvarpinu á að leyfa bæði líknardráp, þegar lækni gefur sjúklingi banvænt lyf, og læknaaðstoðað sjálfsvíg, þegar sjúklingur tekur banvænt lyf sjálfur undir eftirliti læknis. ■



Fólk er hvatt til þess að reykja ekki í almenningi.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Yfirvöld í Taílandi lögleiða marjúána

sbt@frettabladid.is

TAÍLAND Ræktun og varsla á marjúána hefur verið lögleidd í Taílandi.

Heilbrigðisyfirvöld tilkynntu þetta í gær. Heilbrigðisráðherra Taílands ætla sjálfur að dreifa milljón marjúána-ungplöntum sem síðar ættu að breyta Taílandi í „marjúána-undraland,” að sögn ráðherrans.

Yfirvöld voruðu þó við því að reykja marjúána í almenningi, það gæti valdið fólki óþægindum.

Ríkið er það fyrsta í Asíu til að afglæpavæða neysluskammta og ræktun á marjúána.

Marijúána-olía sem inniheldur meira en 0,2 prósent af THC, efninu sem kemur fólki í vímu, er þó enn þá bönnuð. ■



Pota í litum Niceair kemur til Akureyrar 30. maí. Þorvaldur Lúðvík Sigurjónsson framkvæmdastjóri gengur frá borði.

MYND/AXEL ÞÓRHALLSSON

Niceair hyggur á samstarf við innlendan flugrekanda

Fulltrúar breskra og íslenskra flugmálayfirvalda benda hvor á annan vegna vandamála við Lundúnaflug Niceair til og frá Akureyri. Þrátt fyrir að snurða hafi hlaupið á þráðinn er flugið á dagskrá í dag. Unnið er að lausn með íslenskum flugrekanda.

gar@frettabladid.is

FLUGMÁL Breska flugmálastjórnin hefur eftir nokkra daga umhugsun ákveðið að svara ekki spurningum frá Fréttablaðinu varðandi vandkvæði við flug á vegum Niceair til og frá London.

„Þar sem þetta er íslenskt fyrirtæki væri meira viðeigandi að Samgöngustofan á Íslandi svaraði,” segir í svari frá Civil Aviation Authority (CAA), bresku flugmálastjórninni, sem barst í gær.

„Það er Samgöngustofa á Íslandi sem veitir íslenskum flugfélögum leyfi svo þú ættir að spyrja hana hvort þessir aðilar hafa leyfi fyrir starfsemi,” svarar breska flugmálastjórnin þegar gengið er eftir svari.

Þá er CAA bent á að ekkert íslenskt flugfélag tengist flugi á vegum Niceair til London. Niceair sé ekki flugfélag og félagið sem annist flugið, Hi Fly, sé portúgalskt með flugrekstrarleyfi frá Möltu. „Niceair er leiguflyfélag sem leigir vél sína frá HiFly Malta, dótturfélagi HiFly,”



Við erum í miðri á og erum að reyna að komast á þurrt.

Þorvaldur Lúðvík Sigurjónsson, framkvæmdastjóri Niceair

hljóðar þá svarið frá CAA, sem þá er bent á að Niceair hafi alls ekkert flugrekstrarleyfi yfir höfuð.

„Ef svo er þá mega þeir ekki fljúga,” svarar þá breska flugmálastjórnin í lokasvari sínu í gær.

Í framhaldi þessara samskipta leitaði Fréttablaðið til Samgöngustofu og óskaði skýringa á stöðunni. Meðal annars var stofnunin spurð að því á hvaða grundvelli Niceair hefur getað haldið áfram flugi sínu til London þótt tilskilin leyfi virðist vanta. Eins og breska flugmálastjórnin svarar Samgöngustofa ekki þeirri spurningu og vísar því á bug að málið heyrir undir stofnunina.

„Við undirbúning Niceair var ekki leitað til íslenskra samgönguyfirvalda, enda er flugrekandinn sjálfur skráður á Möltu. Ábending um að málið liggja hjá íslenskum samgönguyfirvöldum er því ekki rétt,”

segir í svari frá Samgöngustofu sem kveður íslensk samgönguyfirvöld og utanríkisráðuneytið hafa leitað allra leiða til að greiða götu fyrirtækisins frá því það óskaði aðstoðar um liðna helgi.

„Vandinn liggur í því að við undirbúning áætlunarflugsins var tilskilinn leyfa breskra flugmálayfirvalda vegna farþegaflugs ekki aflað. Þau samskipti og leyfismál eru alfarið og hafa verið á ábyrgð flugrekandans og ferðaskrifstofunnar,” undirstríkar Samgöngustofa. Virðist þar vísað til þess að Niceair sé ferðaskrifstofa sem fyrirtækið er ekki samkvæmt opinberum skrár.

Áformað flug Niceair til London í dag var í gær skráð vera á áætlun á síðu Isavia fyrir Akureyrarflugvöll. „Það er stefnt að því,” svaraði Þorvaldur Lúðvík Sigurjónsson, framkvæmdastjóri félagsins, þegar hann var inntur eftir því í gærkvöld hvort af fluginu yrði.

Þorvaldur Lúðvík sagði það ekki alla skýringuna að ekki hafi verið sótt um tilskilin leyfi í Bretlandi. Vandinn lægi einnig í því að flugrekandinn HiFly sé í Evrópusambandslandi en Ísland og Bretland séu með tvíhliða loftferðasamning.

„Við erum að leysa þetta, meðal annars með því að fá íslenskan flugrekanda að borðinu,” sagði hann en vildi ekki skýra frá því að svo stöddu hvert umrætt félag væri. „Við erum í miðri á og erum að reyna að komast á þurrt.” ■

Offita vaxandi vandi í hrossarækt

ser@frettabladid.is

LANDBÚNAÐUR Offita og efnaskiptaraskanir eru vaxandi vandamál í hrossahaldi á Íslandi og þar af leiðandi krónísk höfsperra, sem er eitt helsta dýravelferðarmál samtímans, sem merkir að dýrin eigi orðið erfitt með að standa undir sér.

Þetta kemur fram í ársskýrslu Matvælastofnunar. Þar kemur einnig fram að þótt aðbúnaður hrossa fari almennt batnandi sé langvarandi innistaða sá velferðarþáttur sem sífellt meira reyni á, með öðrum orðum hangi dýrin inni í allt of ríkum mæli.

„Þá er sífellt meira um að gömul hross eru ekki felld í tíma.”

Loks kemur fram gagnrýni á hátt hlutfall hestabúa með alvarleg frávik í dýrahaldi, en á tæplega níttján hundruð starfsstöðvum sem heim-



Alvarleg frávik eiga oftast við um vanfóðrun.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

sóttar hafi verið á síðustu fimm árum hafi fundist alvarleg frávik á tæplega tvö hundruð þeirra, eða í yfir tíu prósent tilvika. Þessi alvarlegu frávik eigi oftast við um vanfóðrun einstakra hrossa eða hrossahópa, sjúk hross eða vanhirt, en sem fyrr segir er offituvandinn hvað

óvæntastur og farinn að aukast til mikilla muna vegna hreyfingarleysis íslenskra hesta.

Hvað varðar eftirlit með blóðtöku úr fyllfullum hryssum segir stutt og skörinort í skýrslunni að „ekki komu fram alvarleg frávik við eftirlit með blóðtöku árið 2021.” ■

Grillið heim.

Kauptu Weber Q3200 gasgrill á Heimkaup og fáðu það sent heim að dyrum.
Tilboð gildir á meðan birgðir endast.



Weber Q3200 gasgrill
84.999 kr.
~~86.999 kr.~~

Þú finnur allt fyrir grillið á Heimkaup.



Weber iGrill mini
11.999 kr.



Weber Original pizzaskeri
4.599 kr.



Weber hamburgarapressa
2.799 kr.



Weber T-grillbursti 30 cm
1.899 kr.



Weber grillpensill
2.199 kr.



Weber pizzasteinn
Hringur - 36,5 cm
7.999 kr.



Weber yfirbreiðsla
Q3000 & 300
14.999 kr.



Gaskútur
Verð frá: **9.499 kr.**

heimkaup

Góðir leiðtogar



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb
@frettabladid.is

Engin ástæða er til að fyllast af depurð vegna myndunar nýs meirihluta í borgarstjórn Reykjavíkur. Meirihlutinn hefur alla burði til að standa sig vel, vonandi stórvél. Nánast það eina sem kemst nálægt því að vekja ugg í brjósti í sambandi við meirihlutasamstarfið eru yfirlýsingar um stórauknar Pírataáherslur við stjórn borgarinnar. Við, sem erum borgaralega þenkjandi, skulum samt halda ró okkar.


Skipting borgarstjórnastólsins milli Dags B. Eggertssonar og Einars Þorsteinssonar er skynsamleg ákvörðun. Dagur er reynslubolti og mun örugglega gefa eftirmanni sínum góð og gagnleg ráð. Hann hefur margsýnt í störfum sínum sem borgarstjóri að hann á auðvelt með að vinna með fólki og er þar að auki laus við þrætugirni og stundar ekki upphrópunarstjórnsmál. Hann er skínandi góður stjórnsmámaður og þegar harðir pólitískir andstæðingar hans reyna að gera lítið úr honum gerast þeir sekir um slæman dómgreindarrest um leið og þeir opinbera pólitískt ofstæki. Reyndar á nákvæmlega það sama við um forsætisráðherra landsins, Katrínu Jakobsdóttur, sem er afburðastjórnsmámaður en fær stundum yfir sig svívirðingaflaum, aðallega frá bitrum og fúlýndum karlmönnum. Það er reyndar offramboð af þeim í þessu landi en það er önnur saga sem ekki verður sögð hér.

Einar Þorsteinsson er óskrifað blað í íslenskum stjórnsmálum. Hann er yfirvegaður og líkt og Dagur og Katrín virðist hann lítt gefinn fyrir upphrópunarstjórnsmál. Það er gott að vita af því. Í byrjun stjórnsmálaferils síns fær Einar mikinn meðbyr og borgarbúar virðast almennt bera traust til hans. Þar skiptir örugglega miklu högvær og hlýlegur málflytningur. En þar sem stjórnsmálin eru nú einu sinni enginn sunnudagaskóli má Einar búast við að fá sinn skammt af skömmum og röfli á stjórnsmálaferlinum. Forvitnilegt verður að fylgjast með því hvernig hann mun þroskast sem stjórnsmámaður.

Sjálfsgagt og eðlilegt er að óska nýjum meirihluta velfarnaðar í störfum sínum fyrir borgarbúa og er það vitanlega gert hér. Minnihlutinn í borginni mun svo vonandi vera málefnalegur, jafnvel uppbyggilegur, í gagnrýni sinni á verk meirihlutans. Þar væri ágætt hafa í huga að það að gagnrýna bara til að gagnrýna skilar litlu sem engu. Þeir stjórnsmálamenn sem stunda upphrópunarstjórnsmál í miklum mæli komast vissulega í fjölmiðla en kjósendur sjá fyrr eða síðar í gegnum þá. Eins og dæmin sanna. ■

”
En þar sem stjórnsmálin eru nú einu sinni enginn sunnudagaskóli má Einar búast við að fá sinn skammt af skömmum og röfli á stjórnsmálaferlinum.

■ Halldór



■ Frá degi til dags

benediktboas@frettabladid.is

Fáir komast inn

Áhuginn á læknisfræði er mikill en alls munu 295 þreyta inntökupróf í læknisfræði þetta árið. Það munu þó ekki nema 60 nemendur sleppa í gegnum nálaraugað og geta hafði nám. Fjöldi þeirra sem veitt er innganga miðast við afkastagetu sjúkrahúsanna við verklega þjálfun nemenda. Skortur á starfsfólki í heilbrigðisþjónustu er þekkt vandamál en spurningin er hvort það sé ekki verið að horfa í vitlausa átt þegar er verið að reyna að leysa vandann. Áhuginn er svo sannarlega til staðar en ef aðeins 60 komast inn á ári þá leysist mönnunarvandinn trúlega aldrei.

Ríkissrassinn

Talandi um að horfa í vitlausa átt. Það er ljóst að stríðið gegn fíkniefnum er tapað. Þótt lögreglan hafi haldlagt 117,5 kíló af amfetamini er ekki eins og fíkniefnamarkaðurinn sé tómur og uppseldur. Langt frá því. Ef dópistar landsins vilja dóp munu þeir verða sér úti um slíkt eitru. Er ekki kominn tími til að prófa eitthvað annað en að banna dópið? Ríkisstyrkt dóp til dæmis. Gefa þetta bara. Hver vill borða úr rassinum á ríkinu? Einfalt og gott. Þetta þarf ekkert að vera flókið. ■

Að loknum kosningum



Einar Þorsteinsson
formaður
borgarráðs

Framsókn, Samfylking, Píratar og Viðreisn hafa myndað nýjan meirihluta út frá miðjunni um breytingar í Reykjavík. Ég er mjög þakklátur kjósendum fyrir traustið sem Framsókn var sýnt. Við buðum fram með höfsónum málflytningu, töludum fyrir samvinnu og skýrum málefnaáherslum meðal annars í húsnæðismálum og málefnum barna og barnafjölskyldna. Við gengum óbundin til kosninga og vorum óhrædd við að hrósa því sem vel hefur verið gert en bentum á leiðir til að bæta borgina.

Nýr meirihluti í Reykjavík lítur svo á að borgin eigi að vera leiðandi í húsnæðisuppbyggingu á höfuðborgarsvæðinu og ætlar að hefja strax úthlutun lóða á nýjum svæðum austur í borginni samhliða því að halda áfram áformum um þéttingu byggðar þar sem innviðir leyfa. Húsnæðismál eru velferðarmál og það sést sérstaklega núna þegar mikill skortur er á húsnæði.

Við höfum ákveðið að hefja sérstakt húsnæðisáttak til þess að hraða uppbyggingu íbúðarhúsnæðis. Ég myndi vilja að fulltrúar minnihlutans tækju þátt í því átaki með þverpólitísku samstarfi.

Ég tel að það sé gott tækifæri til að bæta vinnubrögðin á þessu nýja kjörtímabili. Nú hafa allir borgarfulltrúar nýtt umbod til að láta gott af sér leiða og ég óska þess að borgarfulltrúar minnihlutans jafnt sem meirihlutans nýti það tækifæri. Við í Framsókn lítum svo á að það sé samvinnuverkefni að stjórna sveitarfélagi.

”
Við í Framsókn lítum svo á að það sé samvinnuverkefni að stjórna sveitarfélagi.

Í dag stýri ég fyrsta fundi mínum sem formaður borgarráðs. Á þeim fundi verða meðal annars á dagskrá tvö mikilvæg mál, Þjóðarhöll og Sundabraut. Annars vegar skipun í starfshóp um Þjóðarhöllina sem mun ýta því verkefni hratt og örugglega úr vör. Hins vegar skipun fulltrúa í verkefnisstjórn um Sundabraut. Við viljum keyra þessi mál áfram.

Kjósendur Framsóknar náðu miklum árangri í þessum kosningum. Meirihlutinn féll og minnihlutinn tapaði líka. Stefnunni hefur verið breytt og pólitísk forysta í ráðhúsinu breyttist einnig á kjörtímabilinu með fyrsta borgarstjóra Framsóknar.

Ég nálgast ný verkefni af auðmýkt og metnaði. Borgin er orðin græn og falleg. Það er bjart fram undan. ■



- Útlit eins og timburgluggar
- Henta mjög vel í gluggaskipti!
- Þarf ekki að skrapa og mála eins og timburglugga!

GÆÐA VEKA PLASTGLUGGAR
Gott verð og stuttur afhendingartími!



Gluggasmiðjan

...Ekki bara gluggar

Steinhella 17a / 221 Hafnarfjörður / s. 577 5050 / www.gluggasmidjan.is

Flokkurinn sem á Guð

Í dag



Karl Th. Birgisson

„Nú nýlega hefur komið út á Íslandi barnabók, sem er þess eðlis, að ég tel að alþingi geti ekki tekið því þegiandi. Þessi bók er ætluð smábörnum og fjallar um líf og kenningar Krists með þeim hætti, að það hlýtur að vera fullkomlega óþolandi fyrir þá, sem hafa með höndum málefni kirkju og mennta í þessu landi. Það hlýtur að vekja spurningu, hvort alþingi og ríkisvald ris undir 62. grein stjórnarskrárinnar, sem hljóðar svo, með leyfi forseta: „Hin evangelíska lútherska kirkja skal vera þjóðkirkja á Íslandi, og skal ríkisvaldið að því leyti styðja hana og vernda.“

Sú spurning hlýtur líka að rísa, hvernig útgáfa og efni þessarar bókar kemur heim og saman við 125. grein hegningarlöganna, sem hljóðar svo, með leyfi forseta: „Hver, sem opinberlega dregur dár að eða smánar trúarkennningar eða guðsdýrkun löglegs trúarbragðafélags, sem er hér á landi, skal sæta sektum eða varðhaldi.“

Nei, kærur lesendur, þetta er ekki tilvitnun í Birgi Þórarinsson, þingmann Sjálfstæðisflokksins, þótt það gæti sennilega verið. Þetta sagði annar þingmaður sama flokks á alþingi haustið 1978, Ragnhildur Helgadóttir. Tilefnið var sum sé útkoma sænskrar barnabókar í þýðingu Þórarins Eldjárns. Efni hennar var talið svo ókristilegt að útgáfan varðaði hugsanlega við bæði hegningarlög og stjórnarskrá.

Ykkur kann að þykja þetta nokkur forneskja, en sýnið biðlund. Svo er alls ekki. Þessi undur Ragnhildar (þeirrar annars mætu konu) eru aðeins lítið stef í stórrí sinfóníu, sem lýsir varðstöðu Sjálfstæðisflokksins um þjóðkirkjuna (hina viðteknu kristni) lungann úr síðustu öld.

Hér verður líka að skjóta Morgunblaðinu inn í, því að á milli flokks og blaðs varð heldur ekki skilið lengst af öldinni. Þingmenn og jafnvel formenn flokksins voru þar ritstjórar.

Plássið í Fréttablaðinu leyfir ekki mörg dæmi um það sem hér er lýst, en nefnum einhver. Hið fyrsta er bæði alvarlegt og upplýsandi.

Á síðasta áratug aldarinnar stigu konur fram og sökuðu Ólaf Skúlason biskup um alvarlega kynferðislega áreitni – jafnvel ofbeldi. Þetta var hugsanlega fyrsta #metoo-málið á Íslandi og enda urðu ekki margir til þess að hlusta á þessar konur. Sumir blaðamenn gerðu það – ég nefni sérstaklega Guðrúnu Kristjánsdóttur (nú hjá Systrasamlaginu) – en hún bjó við það ólán að vinna á því sem kerfisblöðin, einkum Mogginn, afgreiddu sem sorpblöð. Svoleiðis blöð birtu slúður og róg, og það um sjálfan biskupinn, tákmynd friðar og kristilegrar manngæzku.

Eftir því sem vitnisburðum fjölgaði og þeir urðu æ meira sannfærandi var ekki hægt að leiða málið lengur hjá sér. Þá hóf Morgunblaðið að birta viðtöl við biskupinn, þar sem hann sór allt af sér og bað þeim guðs blessunar, sem bæru út slíkan óhróður. Þær konur hlytu að eiga bág.

Síður Moggans nánast fylltust líka af greinum fólks sem lýstu mannkostum Ólafs, sem embættismanns og fjölskylduföður.

Leiðarahöfundar Morgunblaðsins tóku undir og fordæmdu rógin sem staðlausa stafi, en færra var um viðtöl við konurnar sjálfar. Nokkru síðar lýsti dóttir biskupsins kynferðisofbeldi hans og hann hrökklaðist loks úr embætti.

Hvers vegna brást Mogginn (les. í reynd: Sjálfstæðisflokkurinn) svona við? Af því að það var og er honum í blóð borið að verja kerfi, sem hann telur styðja við „stöðugleika“ (nei, ekki hlæja) og einkum þau sem hann hefur sjálfur skapað.

Eigum við að nefna dómskerfið?

Svona úr því að hér var lengstum dóms- og kirkjumálaráðuneyti, sem flokkurinn réð lengstum?

Þetta er samt ekkert gamanmál og nú stýttist plássið.

Birgir Þórarinsson er varla messu virði – maður sem reisti sér einkakirkju á hlaðinu heima og lét mála sjálfan sig á altarisöfluna Sennilega er rétt að láta sálfræðinga um að útskýra hin dýpri sannindi þarna. En og þó: Hann Birgir er nefnilega alþingismaður, þar með hluti af löggjafarvaldinu og þar með ríkisvaldinu. Hann

hefur því „völd“, þótt áhrifin séu blessunarlega engin.

En hann kaus nýlega að segja þetta á löggjafarsamkomunni:

„Íslenskt samfélag og kristinn siður og gildi eiga enn sem áður samleið. Stjórnvöldum ber skylda til að styðja og vernda þjóðkirkjuna. Um það er kveðið á í stjórnarskránni.“

Kristinn siður. Forneskja? Neibbs. Þetta var 1. júní. Fyrir tíu dögum.

Svo er það hún Diljá Mist, líka þingmaður Sjálfstæðisflokksins.

Hún skrifaði grein í Fréttablaðið sama dag um „grunngildi kristinnar trúar.“ Diljá er lögfræðingur og við lesturinn rifjaðist upp fyrir mér, að laganám er ekki menntun.

Ég hef kynnt tugum barna frá því bókinn hættulega kom út í þýðingu Þórarins Eldjárns og hvergi rekizt á hana. Tek samt eftir því að þjóðkirkjan hefur látið talsvert á sjá.

En við hljótum að treysta því að Sjálfstæðisflokkurinn standi enn vörð um félag Jesús. ■



VERTU HLUTI AF LAUSNINI

ÁRSFUNDUR ORKUVEITU REYKJAVÍKUR 2022

Í KVÖLD KL. 19.30

Ársfundur OR, með yfirskriftinni „Vertu hluti af lausninni“ verður sýndur á Hringbraut í kvöld. Ársfundurinn fór fram í beinni útsendingu á netinu frá Gömlu rafstöðinni við Elliðaár. Þar var rætt um loftslagsmál og lausnir við þeim í víðu samhengi og hvernig við getum öll verið hluti af lausninni.

Fundarstjóri er Elín Hirst og gestir voru m.a. Dagur B. Eggertsson borgarstjóri, Brynhildur Davíðsdóttir, stjórnarformaður OR, Bjarni Bjarnason, forstjóri OR, Halla Hrund Logadóttir orkumálastjóri, Halldór Þorgeirsson, formaður Loftslagsráðs, og Edda Sif Pind Aradóttir, framkvæmdastýra Carbfix.



HRINGBRAUT

Merkisatburðir

- 1829** Fyrsta kappdróttarkeppnin milli Oxford-háskóla og Cambridge-háskóla haldin.
- 1898** Bandarískir landgönguliðar ganga á land á Kúbu.
- 1924** Fasistar ræna ítalska sósíalístaleiðtoganum Giacomo Matteotti í Róm.
- 1935** AA-samtökin stofnuð.
- 1940** Merkisdagur í sögu seinni heimsstyrjaldar. Þýskar sveitir ná að Ermarsundi, Ítalir segja Frökkum og Bretum stríð á hendur. Kanada lýsir Ítalíu stríði á hendur.
- 1947** Saab framleiðir fyrsta bilinn sinn.
- 1967** Sex daga stríðinu lýkur með sigri Ísraela.
- 1975** Karl XVI., Gústaf Sviakonungur, kemur í opinbera heimsókn til Íslands.
- 1977** Sala hefst á heimilistölvunni **Apple II**.
- 1978** Keflavíkurganga gengin á vegum Herstöðvaandstæðinga frá hliði herstöðvarinnar til Reykjavíkur.
- 1988** Evrópukeppnin í knattspyrnu 1988 hefst í Þýskalandi.
- 1990** Alberto Fujimori kjörinn forseti Perú.
- 1993** Steinboginn yfir Ófærufoss í Eldgjá, sem lengi hefur gert garðinn frægan, fellur þegar ferðamannahópur kemur að honum. Allt virtist í lagi með hann tveimur vikum áður.
- 1996** Stórhertogahjónin af Lúxemborg heimsækja Norðurland, Mývatnssveit og nágrenni, í opinberri heimsókn sinni til landsins.
- 1998** Þjóðlendulögin samþykkt á Alþingi.
- 1999** 897.000 lítrar af bensini leka úr neðanjarðarleiðslu í Bellingham (Washington). Í kjölfarið verður sprenging sem leiðir til dauða þriggja.
- 2002** Kevin Warwick stýrir fyrstu tilrauninni þar sem taugakerfi tveggja manna eiga bein samskipti með rafboðum.
- 2011** Breska tímaritið News of the World hættir útgáfu.
- 2013** Fjöldi manna lætur lífið í átökum mótmælenda og lögreglu í Tyrklandi.
- 2016** Evrópukeppnin í knattspyrnu 2016 hefst í Frakklandi. Karlalandslið Íslands í knattspyrnu tekur þátt í fyrsta sinn.



Danir komu sáu og sigruðu á EM 1992 og unnu Þjóðverja í úrslitaleik 2-0. Þeir tóku við bikarnum á Ullevi velli 26. júní.

FRÉTTABLAÐIÐ/
GETTY

Skuggi yfir sigri Dana vegna fjarveru Matthäus

Þennan dag fyrir 30 árum var flautað til leiks á EM í Svíþjóð. Danir, sem höfðu komið inn í mótið eftir að Júgóslóvum var meinuð þátttaka vegna stríðsins, komu, sáu og sigruðu. Mótið var merkilegt enda síðasta mótið sem gaf tvö stig fyrir sigur og markmenn máttu ennþá taka upp boltann eftir sendingar til baka.

sem er staddur þessa dagana á Ítalíu að fylgjast með íslenska landsliðinu í fótbolta, man vel eftir keppninni og segir að mótið hafi verið magnað í minningunni. „Málið er að Danir voru ekki búnir að vinna leik eftir fyrstu tvo leiki í riðlinum. Svo vinna þeir Frakka, Hollendinga og sameinað lið Þýskalands, sem var að spila í fyrsta sinn, í úrslitaleik. Það er ekkert hægt að fara flottari leið en að verða að vinna þessar þjóðir,“ segir hann.

Hjörvar bendir þó á að skuggi sé yfir þessum sigri Dana. Sjálfur Lothar Matthäus var nefnilega ekki með Þjóðverjum. „Ég segi það alltaf við danska vini mína. Matthäus var besti fótboltamaður í heimi á þessum tíma en var meiddur og spilaði ekki.“

Hann segir að Danir, með Peter Schmeichel fremstan í flokki, hafi spilað mótið fullkomlega því þeir gáfu aftur á markvörðinn í gríð og erg og úrslitaleikurinn sé ekkert skemmtilegur á horfs í dag enda Schmeichel aðalmaðurinn.

Lið mótsins

Markvörður
Peter Schmeichel

Varnarmenn
Jocelyn Angloma
Laurent Blanc
Andreas Brehme
Jürgen Kohler

Miðjumenn
Brian Laudrup
Stefan Effenberg
Thomas Hassler
Ruud Gullit

Sóknarmenn
Dennis Bergkamp
Marco van Basten

Svíar og Danir fóru áfram úr A-riðli og Hollendingar og Þjóðverjar úr B. Danir unnu Hollendinga í undanúrslitum og Þjóðverjar tóku Svía 3-2. John Faxe Jensen og Kim Vilfort skoruðu svo mörkin í úrslitaleiknum og söngurinn Vi er røde vi er hvide, ómaði um Evrópu. ■

benediktboas@frettabladid.is

Flautað var til leiks á EM 1992 á þessum degi þegar Svíar og Þjóðverjar mættust í opunarleik. Mótið er um margt merkilegt enda unnu Danir það eftir að hafa komið inn í lokakeppnina vegna stríðsins í Júgóslavíu. Þá er þetta síðasta EM þar sem aðeins átta þátttökulið tóku þátt og jafnframt síðasta keppnin þar sem tvö stig voru gefin fyrir sigur í stað þriggja.

Einnig var þetta síðasta stórmótið í knattspyrnu þar sem markverðir máttu handleika knöttinn eftir sendingu frá samherja – eitthvað sem Danir nýttu sér til hins ítrasta.

Hjörvar Hafliðason, Dr. football,



Hjörvar Hafliðason



Ástkær stjúpmóðir, tengdamóðir, amma og langamma,

Alfa Kolbrún Þorsteinsdóttir

Blikahólum 8,

lést á Landspítalanum Hringbraut laugardaginn 28. maí. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju, mánudaginn 13. júní klukkan 13.00.

Jóhann Örn Ingimundarson **Agla Sigríður Björnsdóttir**
Svava E. Ingimundardóttir **Jónas Mikael Pétursson**
Jón Ingi Ingimundarson **Soffía H. Weissappel**
barnabörn og barnabarnabörn.



Móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langlangamma,

Guðrún Guðjónsdóttir

Suðureyri, Súgandafirði,

lést mánudaginn 6. júní á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða. Jarðsett verður frá Suðureyrarkirkju laugardaginn 11. júní kl. 11.30.

Ómar Þórðarson **Friðgerður Björk Friðgeirsd.**
Trausti Aðalsteinn Egilsson **Guðrún Vigdís Sverrisdóttir**
Edda Egilsdóttir **Svanur Baldursson**
Kristín Ósk Egilsdóttir **Ásta Dóra Egilsdóttir**



Elskulegur pabbi okkar, tengdapabbi, afi og langafi,

Lárus Þórðarson

smíðakennari, Langatanga 2A, Mosfellsbæ,

lést í faðmi ástvina á heimili sínu þann 31. maí síðastliðinn. Útförin fór fram í kyrrþey að hans ósk.

Steinunn Ásta Lárusdóttir **Jóhannes Jensson**
Guðjón Ýmir Lárusson **Sigrún Anna Þórisdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

Þetta gerðist: 10. júní 1986

Fimm þúsund króna seðillinn settur í umferð

Seðlabanki Íslands setti fimm þúsund króna seðilinn í umferð á þessum degi árið 1986. Um leið var fimmtíu ára-myntin útbúin úr koparhúðuðu stáli, en fram til þessa hafði hún verið úr bronzi.

Ragnheiður Jónsdóttir (1646-1715), biskupsfrú á Hólum, prýðir seðilinn og annað myndefni seðilsins var sótt í líf hennar, hannyrðir og kennslu. Þannig var valin til myndskreytingar mynd af eiginmanni hennar, Gísla Þorlákssyni Hólabiskupi, og tveimur fyrri eigin-konum hans.

Ragnheiður er meðal annars þekkt fyrir fagar hannyrðir sínar og til merkingar verðgildis seðilsins var notað útsaunsmpletur Ragnheiðar úr sjónabók hennar. Á bakhlíð seðilsins er mynd af Ragnheiði og tveimur nemendum hennar að skoða altaris-klaði sem hún gerði fyrir Laufáskirkju í Eyjafirði en það hefur varðveist og



í nóvember 2003 setti Seðlabankinn í umferð nýja gerð 5000 króna seðils.

er geymt á Þjóðminjasafni Íslands. Auglýsingastofa Kristínar hf. sá um að teikna seðilinn sem fylgdi að útliti þeirri seðlaröð sem gefin hafði verið út frá árinu 1981, með vatnsmerki og öryggisþræði. Aðallitur seðilsins var

blár, en þar áður hafði verið gefinn út brúnn fimmtíu króna seðill, grænn hundrað króna seðill, rauður fimm hundruð króna seðill og fjóublár þúsund króna seðill. Seðillinn var framleiddur í Bretlandi. ■

Fjölskylduhátíð
10.–12. júní
í Grindavík

SJÓARINN
SÍKÁTI

FÖSTUDAGUR 10. júní 2022



lifestream
POWERFUL NUTRITION
FROM PLANTS

ALOE VERA
MELTING & BÓLGUR

85%
VIRKT
CURCUMIN

BIOGENIC[®]
ALOE VERA
WITH TURMERIC
Soothing Digestive Tract

www.celsus.is

lifestream
POWERFUL NUTRITION
FROM PLANTS

**AUKAKÍLÓIN
BURT**

CERTIFIED ORGANIC
CC FLAX
Bone, skin and digestive health

FOR WOMEN
CALCIUM
CRANBERRY
FLAXSEED

POWDER
200g NET WT

ORGANIC
VEGAN

www.celsus.is



Margrét Dagbjört Pétursdóttir er viðskiptastjóri apóteks- og sérvörumarkaðar hjá Heilsu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hágæða lífrænar og náttúrulegar snyrtivörur frá Mádara

Snyrtivörurnar frá Mádara hafa vakið mikla athygli hér á landi enda hannaðar sérstaklega með þarfir Íslendinga í huga. Fjölmargar nýjar og spennandi vörur fást nú í verslunum. **2**



Litað dagkrem sem ver húðina gegn skaðlegum umhverfisáhrifum.



Sólarvarnir eru mikilvægar allan ársins hring.



Fjölbreytt vöruval tryggir að allir finni húðvörur við sitt hæfi.

Pað sem skilur Mádara frá mörgum öðrum merkjum er að það er hannað sérstaklega með þarfir okkar Íslendinga í huga.

Margrét Dagbjört Pétursdóttir



Mádara vörurnar henta öllum, óháð aldri eða kyni.



Mádara vörurnar eru lífrænar hágæða húðvörur sem eru hannaðar sérstaklega fyrir fólk sem býr á norðurhveli jarðar.

Mádara eru hágæða lífrænar og náttúrulegar snyrtivörur sem koma frá Lettlandi og hafa vakið verðskuldaða athygli hér á landi, að sögn Margrétar Dagbjartar Pétursdóttur, viðskiptastjóra apóteks- og sérvörumarkaðar hjá Heilsu. „Pað sem skilur Mádara frá mörgum öðrum merkjum er að það er hannað sérstaklega með þarfir okkar Íslendinga í huga. Við búum hér á norðurhveli jarðar með síbreytilegt veður, mikinn kulda og vind, sem veldur álagi á húðina okkar. Stofnendur Mádara vildu hanna vörur sem væru lífrænar, náttúrulegar, góðar fyrir náttúruna og umhverfið en einnig virkar fyrir húðina okkar. Auk alls þessa hildu þær að vörurnar myndu henta vel fyrir okkur á norðlægum slóðum.“

Sagan á bak við merkið er skemmtileg, en það voru fjórar vinkonur sem stofnuðu það árið 2006 eftir að hafa átt í erfðleikum með að finna húðvörur sem uppfylltu allar þeirra kröfur. „Í dag eru yfir 150 sérfræðingar sem starfa hjá þeim og gera merkið að því sem það er, einu fremsta lífræna húðvörumerki á markaðnum þar sem birkivatnið er lykilinnihaldsefni.“

Fjölbreytt vöruúrval

Að sögn Margrétar státar Mádara af fjölbreyttu vöruvali sem hentar öllum, óháð kyni eða aldri. „Þau leggja áherslu á að bjóða upp á vörur fyrir alla. Sem dæmi má

nefna að unglingar með bólótta vandamálahúð geta fundið vörur við sitt hæfi, þau sem leitast eftir því að fyrirbyggja öldrunareinkennum húðarinnar, þau sem vilja gera við og draga úr sýnileika á til dæmis finum línunum, litablettum eða þreytumerkjum í húðinni og síðast en ekki síst, þau sem eru viðkvæm og þola illa húðvörur geta fundið vörur sem róa, sefa og næra húðina.“

Vörur fyrir viðkvæma húð

Mádara hefur sérhæft sig í vörum fyrir viðkvæma húð og hefur SOS línunni hlotið fjölda verðlauna og er vinsælasta línun frá merkinu, að sögn Margrétar. „SOS línun er sérstaklega hönnuð fyrir viðkvæma húð, til dæmis hefur hún hentað fólki með rósroða afar vel. Fyrir um það bil ári komu þau með SOS+ rakakremið á markað, en það hentar þeim allra viðkvæmustu. Þau sem segjast ekki getað notað neitt krem hafa tekið ástföstri við þetta krem og er ótrúlega gaman að hafa heyrt frá fólki sem loksins fann krem við hæfi. Það sem gerir kremið svona sérstakt er cica jurtin, en hún er afar græðandi og róandi og er jafnvel talin hafa lækningamátt.“

Margrét segir SOS vörurnar vera til á mörgum heimilum enda henta þær öllum og gefa húðinni þann raka sem hún þarf á að halda án þess að erta eða pirra húðina. „Hún passar líka vel með vörum úr

öðrum línunum, til dæmis má nefna rakamaskann, sem er ómissandi partur af húðrútinunni að mínu mati. Sjálf set ég hann á mig 2-3 sinnum í viku fyrir nóttina og sef með hann fyrir hámarksárangur. Ég er oft spurð hvað sé besta „hrukkukremið“ og svara því þá að besta vörnin gegn hrukkum og finum línunum sé nóg af raka og svo að sjálfsögðu sólarvörn. Þessi tvö atriði eru lykilþættir í því að viðhalda heilbrigðri húð.“

Sólarvörnin er mikilvæg

Sólarvarnir eru blessunarlega komnar í tísku, að sögn Margrétar, sem segir fleiri og fleiri átta sig á mikilvægi þess að nota sólarvörn á húðina daglega, ekki bara þegar við skreppum til sólarlanda. „Þegar við veljum sólarvörn viljum við hafa í huga að hún verndi húðina þær gegn UVA og UVB geislum en allar sólarvarnirnar frá Mádara eru breiðvirkar, sem þýðir að þær vernda bæði gegn UVA og UVB geislum. Þær eru að sjálfsögðu hreinar og lausar við skaðleg innihaldsefni. Mér finnst frábært að geta fengið sólarvörn með lit í og nota eingöngu þannig sólarvörn á sumrin. Þannig fækkar maður skrefunum sem sparar bæði tíma og pening.“

Margt spennandi í húðvöruheiminum

Aðspurð um helstu „trendin“ í húðvöruheiminum í dag, segir

Margrét að sífellt fleiri séu að leita eftir bjartri og ljómandi húð. „Það er fátt meira heillandi en húð sem geislar af heilbrigði og í dag eru mörg húðvörumerki sem bjóða upp á svokallaðar „brightening“ vörur. Það eru vörur sem lýsa upp húðina, vinna gegn litablettum og litamisfellum og jafna húðlitinn.“

Mádara kom með C-vítamín línuna á markað í fyrra og varð hún strax gríðarvinsæl. „C-vítamín er þekkt fyrir að lýsa húðina og vinna á litablettum, til dæmis hafa margir sem eru með litabletti eftir bólur eða sólina notað vörurnar með góðum árangri.“

Annað „trend“ sem vert er að nefna að sögn Margrétar er kollagen, sem er náttúrulegt prótein sem við framleiðum en með aldrinum hægir á framleiðslu þess í húðinni. „Þegar við framleiðum minna kollagen verður húðin minna teygjanleg, finar línur og hrukkur fara að myndast og önnur sjáanleg einkenni öldrunar húðarinnar verða meira áberandi.“

Hún segir kollagenlínuna frá Mádara vera frábæra fyrir fólk sem vill fyrirbyggja og draga úr

öldrunareinkennum húðarinnar. „Formúlan inniheldur peptíð sem hjálpar til við og ýtir undir náttúrulega framleiðslu á kollageni í húðinni. Mádara var einmitt að senda frá sér nýjung í kollagenlínunni, næturkrem, sem ég tel að verði jafn vinsælt og kollagenkremið og -serumið, sem hafa verið einar vinsælustu vörurnar frá merkinu.“

Nýjar og spennandi vörur

Ýmsar nýjar og spennandi vörur komu nýlega til landsins. „Auk kollagen næturkremisins fengum við fleiri liti í City CC SPF15 lituðu dagkremunum og sýruskrúbb fyrir líkamann, sem virkar þannig að hann djúphreinsar húðina án þess að innihalda korn eins og margir djúphreinsar gera. Þannig er ekki verið að erta yfirborð húðarinnar heldur sjá sýrurnar um að vinna vinnuna og húðin verður silkimjúk og stinn og fín eftir notkun. Við fengum aðra líkamsvöru, líkamskrem, sem er algjör rakabomba og erum við sem höfum verið að nota það í nokkrar vikur sam-mála um að betra líkamskrem (bodylotion) höfum við ekki prófað. Það heitir Hydra Soft Body Lotion og er að lenda í búðum um þessar mundir.“

Af öllum þeim nýjungum sem Heilsa er að fá er þó ein vara sem stendur upp úr, að sögn Margrétar. „Það er augnkrem sem vinnur á öllum þáttum öldrunar á augnsvæðinu, dregur úr finum línunum, þrota og þreytumerkjum og vekur hreinlega upp augnsvæðið. Það sem gerir augnkremið svona sérstakt er ásetjarinn, en þar ertu með stálásetjara sem helst kaldur og hann er sérstaklega hannaður til að nudda kreminu mjúklega inn í húðina á sama tíma og verið er að örva blóðrásina og draga þannig úr þreytumerkjum á augnsvæðinu. Klárlega vara sem er komin til að vera í húðrútinunni.“ ■

Mádara fæst í Lyfju, Heilsuhúsinu, netverslun Heilsuhússins og hjá Beautybox. Vöruvalið er mismunandi eftir stærð verslana en allt vöruvalið fæst í stærri verslunum Lyfju og í netverslun Lyfju.

FRÉTTABLAÐIÐ

Briðkaup

— 2022 —



Þegar góða brúðkaupsveislu gjöra skal



Sjöfn
Þórðardóttir
sjofn
@frettabladid.is

Sumarið er rómantísk árstíð og margir kjósa að gifta sig á sumrin þó svo að brúðkaup fari fram allan ársins hring. Margt ber að hafa í huga þegar brúðkaup er undirbúið og þá skiptir skipulagning höfuðmáli.

Mikilvægt er að hefja undirbúning og skipulagningu tímanlega, jafnvel með árs fyrirvara; því meiri tími sem lagður er í undirbúning því líklegri er að stóri dagurinn verði eftirminnilegri fyrir alla aðila. Brúðkaup er ein af stóru stundunum í lífi para og hefur að geyma dýrmætar minningar.

Hér eru góð ráð sem vert er að hafa í huga þegar veisluhöld eru skipulögð og hugsuð sem hugmyndir í sarpinn fyrir verðandi brúðhjón.

Dagurinn stóri er valinn.

Oftar en ekki hefur dagsetningin ákveðna merkingu fyrir parið en stundum er það bara handahófskennt eða einfaldlega flott dagsetning. Kynning á viðburðinum fram undan skapar eftirvæntingu og spennu.

- Í kaffisamsæti, fjölskylduboði eða við annað skemmtilegt tækifæri.
- Á lokaðri fésbókarsíðu þar sem vinir og vandamenn eru upplýstir smám saman hvernig dagurinn stóri muni verða. Hægt er að nýta lokaðu fésbókina fram að stóra deginum sem og á stóra deginum og einnig sem stað þar sem gestir geta sett inn myndir frá veislunni eftir viðburð. Einnig hægt að nýta til að koma á framfæri tilögum að klæðnaði eða þema veislunnar. Með þessum hætti er hægt að auka stemningu fyrir veisluhöldin.

Gestalistinn

Gott er að skrifa niður hverjum á að bjóða, oft þarf að finna milliveg og oftar en ekki langar alla að bjóða fleirum en raunhæft er. Finna viðmið sem báðir aðilar eru sáttir við.

Bílstjóri

Velja bílstjóra eða samgöngustjóra fyrir daginn stóra. Hægt er að ferðast á milli staða með ýmsum hætti og um að gera að nota hugmyndaflugíð og velja það sem við á hverju sinni. Sem dæmi um fara-tæki má nefna:

- Bíl
- Hestakerru



Þema brúðkaupa er gjarnan einkennandi fyrir persónur þeirra sem gifta sig; lýsandi fyrir fyrstu kynnin eða hvað eina sem tengir fólk saman.

Brúðarterta er ómissandi í brúðkaupum, hvernig sem formið á veitingunum er.

MYND/ÆSEND

- Mótorhjól
- Fjórthjól
- Hesta
- Farartæki sem við á hverju sinni

Staðsetning

Staðsetning fyrir veisluna – velja staðsetningu í samræmi við þema veislunnar, form veitinga og fjölda gesta. Margir staðir koma til greina og til að koma með hugmyndir má nefna eftirfarandi staði:

- Veislusal
- Veitingastað
- Heimahús
- Hlíðu
- Bóndabæ
- Félagshúsi
- Vöruskemmu

Þema

Þema brúðkaupa skiptir máli og brýnt að velja tímanlega. Nokkrar verslanir eru með veislu- og partískraut og bjóða upp á fjölbreytt úrval. Stundum þarf að panta skraut erlendis frá og þá er gott að hafa nógan tíma. Blóm þarf líka að panta tímanlega. Einnig er gaman að fönðra skrautið og þá þarf að gefa sér góðan tíma í fönðrið.

Velja litþema fyrir borðskraut, blóm, servíettur, fylgihluti og annað sem gefur veislunni lit. Margir gera líka merkimiða og raða gestum til borðs. Þema í klæðnaði – Gastby, sixties, diskó, klassík eða hvaðeina sem sem fólk dettur í hug. Þema brúðkaupa eru gjarnan einkennandi fyrir persónur þeirra sem gifta sig; lýsandi fyrir fyrstu kynnin, uppáhaldsliti, tónlist, blóm, tengjast áhugamálum eða hvaðeina sem tengir brúðhjónin saman.

Form veislunnar

Form veislunnar er hægt að hafa með ýmsum hætti og margar leiðir færar:

- Garðveisla
- Hefðbundin veisla
- Standandi boð
- Sitjandi boð
- Háborð
- Svið - dans – diskótek
- Sveitabrúðkaup

Veitingar

Velja veitingar í samræmi við þema brúðkaupsins:

- Pinnamatur
- Smáréttaveisla
- Grillbar
- Götuvagnaveisla (Streetfood)
- Búbbulvagn
- Hádegisverður – dögurður
- Kaffihlaðborð
- Kvöldverður
- Brúðarterta

Hægt er að panta veitingar gegnum veislupjónustu, veitingastaði eða að fá kokk sem sér um veitingar. Heimatilbúnað veitingar og þá skiptir undirbúningur höfuðmáli og að einhver hafi yfirumsjón með þeim. Að blanda saman heimatilbúnum og aðkeyptum veitingum er oft góð lausn. Mikilvægt er að velja drykkjaföng í samræmi við veitingarnar. Ávallt er hátíðlegt að skála í kampavini eða freyðivini á stundum sem þessum. Brúðarterta er ómissandi í brúðkaupum, hvernig sem formið á veitingum er.

Boðskort

- Hanna boðskort. Hægt að gera þau með margvíslegum hætti, heimagerð kort, fá hönnuð til aðstoðar, auglýsingastofu, hvaðeina sem fólk dettur í hug.
- Í boðskorti þarf að koma fram tilefni, dagsetning, tími, staður og að biðja fólk um að svara hvort það komi, í gegnum tölvupóst eða með simtali. Gott að hafa meðfylgjandi netföng og

símanúmer. Sumir láta fylgja með óskalista, gjafalista brúðhjónanna. Ef ákveðið þema verður í veislunni, þá kynna það í boðskorti.

- Senda út boðskort með um það bil mánaðar fyrirvara.

Ljósmyndari

- Fá faglærðan ljósmyndara til að fanga réttu augnablikin í athöfninni, veislunni og af brúðhjónunum.
- Undirbúa ljósmyndarann og skipuleggja myndatökuna.
- Instagram-myndir. Einnig er hægt að fá gesti til að taka þátt í myndatökum og hvetja þá til að setja svokallað myllumerki # og vera með tilbúið hashtag fyrir veisluna, til dæmis nöfn brúðhjónanna. Þannig geta brúðhjónin safnað saman myndunum frá veislugestum og fylgst með.
- Vera með myndakassa.

Umsjón

- Umsjón með skreytingum. Brýnt er að einn aðili hafi umsjón með skreytingum fyrir athöfn og veislu.
- Umsjón með veitingum og drykkjum. Brýnt er að einn aðili hafi umsjón með veitingum og drykkjum í samræmi við hvaða leið verður valin við veitingar.

Veislustjóri

Í brúðkaupum er veislustjóri, eða veislustjórar, mikilvægur. Hann setur upp dagskrá. Óskar eftir upplýsingum frá gestum um þátttöku og/eða ræðuhöld. Stýrir móttöku þegar brúðhjón stíga inn, eftir athöfn í veisluumgjörðina og kynnr. Heldur utan um tíma-mörk, passar upp á lengd atriða, til dæmis tónlistaratriða.

Skemmtun

- Samkvæmisleikir. Skemmtilegt er að brjóta upp veislu með skemmtilegum samkvæmisleikjum.
- Myndasýning. Hægt að láta myndir af brúðhjónunum rúlla í veislunni og þá þarf að vera til staðar skjávarpi og tjalð eða skjár og tölva. Undirbúa þarf myndasýningu með góðum fyrirvara og gefa sér tíma til að raða myndum inn.
- Stiginn dans, fram eftir nóttu.
- Söngvari. Plötusnúður. Hljóm-sveit. Lýsing. Hljóðkerfi.

Gestabók

Gestabók – getur verið í ýmsum formum:

- Hefðbundin gestabók til að rita í.
- Strígi til að rita á sem síðan verður innrammaður hjá brúðhjónum.
- Gestir taka mynd af sér með polaroid-myndavél við myndavegg sem settur er upp og líma inn í gestabók og rita hamingju-óskir í.
- Ljósmyndari tekur myndir af gestum, hverjum fyrir sig við myndavegg. Hægt er að leigja svokallaðan stafrænan ljósmyndakassa sem er mjög vinsælt í veislum þessa dagana.

Þakkarkort/þakkarkveðja

Vert að muna eftir að þakka fyrir sig og það er hægt að gera með því að senda þakkarkort, tölvupóst eða með simtali.

Engar tvær veislur eru eins og það er það skemmtilega við veislur. Hver og einn setur sinn persónulega stíl á sína veislu og um það snýst stóri dagurinn. ■

BRÚÐAR-GJAFALISTAR

Lin DESIGN

ÍSLENSK HÖNNUN

Ferðalag er

betri brúðkaupsgjöf



icelandair.is

Ástin blómstrar með
gjafabréfi frá okkur

Viltu gefa brúðhjónum rómantíska ferð sem klikkar seint? Gjafabréfin okkar má nota til að ferðast til meira en 40 áfangastaða. Hvernig hljómar leikhúsferð til New York, lautarferð við Eiffelturninn í París eða ströndin á Tenerife? Þeirra er valið.

Gefðu brúðhjónunum einstakar minningar.

Fersk og þurrkuð blóm í brúðarhár

Þær eru margar brúðirnar sem segja „já“ í sumar og er brúðargreiðsla oftast hluti af stóra deginum. Steinunn Ósk Brynjarsdóttir, hársnyrtir á Skuggafalli, segir gott að næra hárið vel vikurnar fyrir brúðkaupið. Þá sé gott að hafa útlit kjólsins í huga, formið á greiðslunni þarf að vera rétt og svo þarf að hafa í huga hvernig brúðhjónin líta út saman.

Svava Jónsdóttir

Steinunn segir gott fyrir tilvonandi brúði að næra hárið vel vikurnar fyrir brúðkaupsdaginn.

„Ef hárið er sítt er gott að klippa það nokkrum vikum áður, en persónulega finnst mér betra að greiða hár ef það er ekki nýklippt. Ef brúðurin er með litad hár er gott að lita það um tveimur vikum áður því það er gott að hárið fái tíma til að jafna sig.“

Steinunn segist alltaf byrja á því að spyrja hvernig kjóllinn líti út. Hún segist verða að sjá mynd af kjólnum og tekur fram að hún þekki flestar tilvonandi brúðir sem hún greiði fyrir stóra daginn; þekki stíl þeirra og hvað hárið býður upp á.

„Það má allt í dag; Slegið hár, uppsett eða hálftekið upp. Það má hafa hárið í tagli ef það er

stíll viðkomandi; en bara fallegu tagli. Þetta er allt spurning um í hvaða átt á að fara með lúkkið. Það sem þarf að hafa í huga með val á greiðslu er að sjálfsgöðu hvað klæðir brúðina. Svo verður formið á greiðslunni að vera rétt. Það þarf að þæla í hvernig brúðhjónin líta út saman. Hún má nú ekki skyggja á brúðgumann þó að hún sé stjarnan. Það má ekki gleyma brúðgumanum. Sumir eru kannski ekki með réttu vörurnar sem duga allan daginn og það gerir mikið fyrir þá að fá smáblástur með einhverju góðu blásturserfni eða froðu. Þá þarf minna af vaxi og hárið helst betur og lítur betur út.“


Prufugreiðsla mikilvæg

Á að vera með slör eða ekki?

„Margar sleppa slöri eða hafa það bara rétt í athöfninni og svo er því kippið af í myndatökunni. Ég er orðin þínu skotin í að vera með slör; mér finnst það hafa dottið svolítið út síðustu ár en nú er úrvalið bara orðið svo mikið og úr mörgu að velja. Á að vera með hárskraut er líka oft stóra spurningin. Persónulega er ég ekki hrifin af miklu hárskrauti en látlaust og fingert skraut finnst mér æði. Einnig nota ég mikið blóm, bæði fersk og þurrkuð. Ég er líka oft með ansi miklar skoðanir en sem betur fer þekki ég nú mínar dömur og þær mig og þær verða ekkert móðgaðar



Hér er hárið allt uppsett með grófri fiskifléttu.



Uppsett greiðsla með góðri lyftingu. MYND/JENNY GUÐMUNDSDÓTTIR



Lágt hliðartagl með látlausu skrauti. MYND/ANÍTA ELDJÁRN

MYND/ÆSEND

fastus.is

MIYABI FRÁ ZWILLING VANDAÐIR JAPANSKIR HNÍFAR

Fullkomin blanda af japönsku handverki og þýskum áreiðanleika



FASTUS

Veit á vandaða lausn

Síðumúli 16 | 108 Reykjavík | Sími 580 3900 | fastus.is



Fallegur blástur með léttum liðum.

MYND/SAGA SIG

Þótt ég segi nei við kórónum og glingri.“

Steinunn bendir á að gott sé að fara í prufugreiðslu áður en að brúðkaupsdeginum kemur og áður en að henni kemur sé gott að viðkomandi hafi skoðað myndir eða allavega hafi smá hugmynd um hvað viðkomandi vill.

„Það er líka gott að fara tímanlega af stað ef panta þarf hárlengingar eða skraut að utan. Ég nota mikið hárlengingarlokka með klemmum og sem gefa fyllingu í hárið; það er frábært þegar viðkomandi er með fingert hár en þetta er ekki endilega til að lengja hárið. Einnig eru oft notaðir svampar og annað til að hárið líti sem best út og sem lengst.“

Gott að hafa nægan tíma

Steinunn nefnir tímaramma sem hver tilvonandi brúður þarf að hafa í huga.

„Ég vil frekar mæta fyrr og hafa tíma til að allir njóti sín; að brúðurin hafi tíma til að borða og skála jafnvel við vinkonur sínar, að það sé nægur tími til að fara í kjólinn og bara aðeins að njóta þess að horfa á sig í kjólnum með allt tilbúið: hár og förðun. Flestallir giftast bara einu sinni og þá er glatað að vera í stresskasti og mæta möð og másandi í athöfnina.“



Steinunn Ósk Brynjarsdóttir, hársnyrtir. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Steinunn vinnur oftast í teymi með vinkonu sinni sem er förðunarfræðingur. Þá greiða þær og farða brúðina, móður hennar, ömmur hennar, tengdamóður hennar og vinkonur.

„Það er geggjað og getur verið svo sjúklega gaman. Það er líka dýrmætt að fá að vera partur af þessum degi, maður myndar einhver tengsl sem verða aðeins dýpri. Mér þykir mjög vænt um allar mínar brúðir og man vel eftir hverri einustu.“ ■

Vertu til í fögnuð

TILBOÐ

ÄPPLARÖ stólar 6.950,-

3.950,-/stk.

ÄPPLARÖ bekkir

10.950,-/stk.

AGAM barnastólar

8.950,-/stk.

ÄPPLARÖ borð
B140×L140, H72 cm
25.950,-/stk.



Verzlun opin 11-20 alla daga - [IKEA.is](https://www.ikea.is)

Ástarsambandið hófst með bréfaskriftum



Sjöfn
Þórðardóttir
sjofn
@frettabladid.is

Hjónin Gunnar J. Árnason og Soffía Karlsdóttir fagna 30 ára brúðkaupsafmæli þann 11. júlí næstkomandi, en þau giftu sig árið 1992 og segja að galdurinn á bak við farsælt hjónaband sé að gera sér ekki of háar væntingar um að allt breytist með hjónabandi og njóta þess að láta sér líða vel saman.

Hjónaband þeirra hefur blómstrað og gefið af sér þrjú uppkomin börn, tengdabörn og eitt barnabarn sem þau eiga traust og nærandi samband við og hefur gefið þeim mikið. Gunnar er sérfræðingur hjá menntamálaráðuneytinu og Soffía er forstöðumaður menningarmála í Kópavogi, þar sem þau starfa bæði í menningarmálum sem þau hafa brennandi ástríðu fyrir.

Kynntust í gegnum bréfaskriftir

Soffía og Gunnar muna vel eftir þeirri stundu sem þau hittust í fyrsta sinn og má segja að ástin hafi strax byrjað að blómstra.

„Við kynntumst í Íslendinga-partíi í London, náðum vel saman þar og eiginlega bara æ síðan. Ég var að heimsækja vinkonu mína í London og Gunnar var við nám í Cambridge. Við þekktumst ekki áður en áttum stefnumót í London áður en ég fór heim. Við ákváðum í raun ekki hvort við ætludum að hittast aftur en úr varð að við skiptumst á heimilisföngum þannig að við gætum skrifast á. Og það má segja að þannig höfum við kynnt, í gegnum bréfaskriftir, sem hljómar auðvitað í dag eins og aftan úr grárrí fornaskju, þó það séu bara rúmlega 30 ár síðan. En þá var hvorki internet né tölvupóstur og utanlandssímtöl rándýr. Við leyfðum okkur þann munað að heyrast í síma einu sinni í viku, á sunnudagskvöldum, sem maður beiddi eftir í ofvæni. Þegar Gunnar flutti aftur heim að námi loknu fórum við að búa en höfðum þá hist tvisvar til þrisvar sinnum í Englandi eða hér heima. Svona eftir á að hyggja var þetta kannski nokkuð bratt, en hér erum við og höfum verið saman allar götur síðan. Búið á nokkrum stöðum en þó lengst af á Seltjarnarnesi þar sem börnin okkar þrjú eru fædd og uppalin,“ segir Soffía dreymin á svip.

Menning og listir sameina þau Hvert er leyndarmálið á bak við farsælt og langt hjónaband?

„Ætli það sé ekki bara að gera sér ekki of háar væntingar um að allt breytist með hjónabandi og láta sér líða vel saman. Heimilislífið okkar er frekar hefðbundið. Við erum mjög heimakær en eigum þó sameiginlegt að vera frekar ævintýragjörn og afar ferðaglöð og reynum að heimsækja framandi staði á milli þess sem við förum í hefðbundnar borgarferðir. Við höfum brennandi áhuga á listum og menningu og það hefur sameinað okkar líf og smitað börnin okkar svo við eigum margt sameiginlegt. Við höfum líka mikinn áhuga á hjóreiðum og höfum farið tvö og með börnunum okkar í nokkrar ferðir erlendis sem eru algjörlega ógleymanlegar,“ segja þau Gunnar og Soffía og horfa hugfangin á hvort annað.

„Stundum er sagt að ólíkir einstaklingar eigi vel saman í hjónabandi og ef sú kenning er á rökum reist þá myndum við eflaust falla undir hana.“

Soffía segir að Gunnar sé rólegur og yfirvegaður á meðan hún kunnir betur við sig á ferðinni og með mörg járn í eldinum.

„Gott og traust samband við börnin okkar og tengdabörn er



Stóri dagurinn þeirra var 11. júlí 1992 og 25 árum síðar fögnuðu þau silfurbrúðkaupsafmælinu með því að fara í sama klæðnað og þau giftu sig í.



líka einstaklega nærandi fyrir okkar samband og ég þekki fátt jafnskemmtilegt fólk og börnin okkar og tengdabörn, enda reynum við að verja miklum tíma saman og ferðast saman eins oft og við komum því við. Svo bættist fyrsta afa- og ömmubarnið í hópin á árinu, sem við erum himinlifandi yfir,“ segir Soffía.

Allt sem einkennir gott brúðkaup

Gunnar og Soffía segjast muna vel eftir stóra deginum og segja hann ógleymanlegan.

„Við vorum gefin saman í Seltjarnarneskirkju og var veislan haldin í Vesturbænum hjá föður Gunnars og stjúpmodur, þar sem borðin svignuðu undan veisluföngum,“ segir Soffía.

Gunnar bætir því við að vinir Soffíu úr Óperukörnum hafi

” Við leyfðum okkur þann munað að heyrast í síma einu sinni í viku, á sunnudagskvöldum, sem maður beiddi eftir í ofvæni.

sunguð í kirkjunni og í veislunni, sem setti mjög persónulegan svip á allt, auk þess sem frændi Soffíu, Karl Matthíasson, hafi gefið þau saman en þau Soffía eru bræðrabörn.

„Það var erfitt að ná niður brosinu þegar við lögdumst á koddann eftir þennan frábæra dag sem fór fram úr okkar björtustu vonum með hjálp okkar frábæru fjölskyldu og vina. Við fluttum píanóið okkar á veislustað og vorum með frábæran píanóleikara allan tímann, sem skipti okkur miklu máli og setti sterkan svip á veisluna. Tónlist, söngur, dans og allt sem einkennir gott brúðkaup,“ segir Soffía með bros á vör.

Gunnar og Soffía halda ávallt upp á daginn, brúðkaupsafmælið sitt, og njóta þess að búa til nýjar minningar.



Boðskortið í brúðkaup Soffíu og Gunnars sumarið 1992.



Soffía og Gunnar kynntust í gegnum bréfaskriftir þegar þau bjuggu sitt í hvoru landi og geyma enn ástarbréfin.



Ferðalög innanlands sem utan er sameiginlegt áhugamál hjónanna og börnin njóta þess að ferðast með þeim.

„Við reynum alltaf að gera eitthvað til tilbreytingar. Ég held að við höfum aldrei gleymt brúðkaupsdeginum, en oft höfum við verið á einhverju flakki á þessum árstíma þannig að það hefur komið sér vel að gera sér dagamun í nýju umhverfi.“

Þegar silfurbrúðkaupsdaginn bar upp fyrir líðlega fimm árum fannst þeim tilefni til að fagna rækilega.

„Við vorum bæði mjög sammála um að það væri ærin ástæða til að halda upp á silfurbrúðkaupsafmælið okkar. Við buðum hellingi af fólki sem við höfum verið samferða í gegnum lífið og héldum veislu með pompi og prakt. Á þessum tíma vorum við líka nýflutt í rúmgott hús með stórum palli og fannst tilvalið að fagna silfurbrúðkaupinu og nýja heimilinu í góðra vina og fjölskyldu hópi. Þetta var frábær dagur og veðið stórkostlegt. Enda held ég að það sé alltaf gott veður 11. júlí, ef út í það er farið,“ segir Soffía.

Hvernig ætlið þið að fagna 30 ára brúðkaupsafmælinu?

„Við munum klárlega gera okkur dagamun, en það verður ekki með sama móti og á silfurbrúðkaupinu. Fram undan er útskriftarveisla og framkvæmdir þannig að við höfum þetta hófstílltara í þetta sinn,“ segja þau hjónin.

„Við fengum heilræðavisu eftir Steingrím Thorsteinsson í brúðarkorti sem alltaf er gott að rifja upp þegar á reynir og okkur langar að deila með ungum brúðhjónum.“

Undu sólar ástbros við en ef nokkuð syrtir, hafðu þreyju, þol og bið þar til aftur birtir.

Fullkomið framhald á stóra deginum

Slökun, matarupplifun og gisting á hóteli. Eftir stóra daginn bíða augnablik sem ylja í Bláa Lóninu. Kynntu þér allt sem Bláa Lónið hefur upp á að bjóða og veldu hvað hentar þér og þínum.

The Retreat
BLUE LAGOON ICELAND

bluelagoon.is



Sjöfn
Þórðardóttir
sjofn
@frettabladid.is

Á brúðkaupsdaginn vilja allar brúðir líta sem best út. Marianna Pálsdóttir, snyrti- og förðunarfræðingur, gefur hér verðandi brúðum góð ráð, og Agnes Gestsdóttir, verðandi brúður, ljóstrar upp væntingum sínum til brúðarförðunarinnar.

Marianna hefur starfað lengi sem förðunarfræðingur, eða síðan hún útskrifaðist með hæstu einkunn árið 2000 úr förðunarskóla No name. Hún fékk verðlaun fyrir framúrskarandi árangur á sveinsprófi í snyrtifræði úr hendi forseta Íslands. Marianna er fagurkeri í eðli sínu og á auðvelt með að draga það fallegasta fram í hverjum og einum.

„Ég hef næmt auga, mikinn metnað fyrir því sem ég geri og vanalega hætti ég ekki fyrr en allt er upp á tíu. Þetta er mikill kostur en getur verið ansi erfitt að eiga við líka þegar fullkonnunaráráttan tekur yfir. Mér þykir einstaklega áhugavert að farða brúðir fyrir stóra daginn sinn. Þessi dagur er einstakur og það má ekkert klikka. Það er undirbúningur og margt annað sem þarf að huga að fyrir þennan dag. Útlit brúðarinnar er ofboðslega mikilvægt og þar kem ég af fullum þunga með mjög ítarlegar leiðbeiningar um hvað sé mikilvægt að gera til að líta sem best út fyrir stóra daginn.“

Að hugsa heildrænt um sig

Marianna segir miklu skipta að brúðurin hugsi vel um húð sína. „Ekki bara nokkrum dögum fyrir brúðkaupsdaginn, heldur í marga mánuði fyrir, því eins og ég hef

Ein mikilvægasta förðun ævinnar



Marianna Pálsdóttir gerir hér prufuförðun fyrir brúðina Agnesi Kr. Gestsdóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Hér gefur að líta prufu brúðkaupsförðun Mariönnu á fögru andliti Agnesar sem er í senn faguð og sveipuð fallegum ljóma með náttúrulegum blæ.

áður sagt gerast engin kraftaverk yfir nótt. Húðumhirða er eitthvað sem allir eiga að tileinka sér alla daga ársins, ekki bara fyrir stóra viðburði sem þessa. Ef þú vilt ná sem bestum árangri með útliti fyrir brúðkaupsdaginn skaltu hreinsa húðina vel kvöld og morgna með hreinsimjólk, froðu eða hreinsivatni, djúphreinsa hana 1-2 sinnum í viku með kornakremi, nota augnkrem, dagkrem, næturkrem og serum en það er lykillinn að fallegri húð. Aðalgaldurinn er samt að hugsa vel um sig heildrænt, borða hollan og góðan mat, sleppa sykri og miklu salti. Óhófleg áfengisneysla og reykingar eru algjörlega á bannlista, hreyfing og hugleiðsla er líka mjög mikilvægur þáttur í að halda sér í sem bestu líkamlegu og andlegu formi. Það vill verða að það sé mikil spennan og álag sem fylgir því að plana brúðkaupsdaginn og það er nú einu sinni svo að álag og streita kemur strax fram í húðinni. Því er mjög mikilvægt að ná að róa taugarnar, skipuleggja sig vel og vandlega því það er ekki mjög gaman að vera úttauguð og búin

á því andlega og líkamlega þegar dagurinn rennur loks upp,“ segir Marianna.

Góður nætursvefn lykillinn

Aðspurð segir Marianna mikilvægt að undirbúa húðina vel svo brúðarförðunin komi sem best út. „Það er brýnt að hitta brúðina nokkrum vikum fyrir brúðkaup, til að fara yfir það hvernig við sjáum fyrir okkur að förðunin verði, meta hvað fer best við kjólinn, hárgreiðsluna, skartgripina og blómin, því allt þarf að renna saman í eina heildarmynd svo útkoman verði sem allra fegurst. Undantekningarlaust geri ég prufuförðun því það er einu sinni þannig að það má ekkert klikka á sjálfan brúðkaupsdaginn, þá er gott að vera búin að gera prufu til að vera fullviss um hvaða farða og liti skal nota og hvers lags förðun fer andliti brúðarinnar. Í þessum prufutíma ráðlegg ég brúðinni hvað skal gera til að líta sem allra best út á brúðkaupsdaginn, hvað skal forðast og svo framvegis. Það má til að mynda ekki undir neinum kringumstæðum byrja að

nota nýjar snyrtivörur nokkrum dögum fyrir brúðkaup eða vaxa á sér andlitið því þú veist aldrei hvernig húðin bregst við, ekki nota brúngu í andlit og ekki líta á sér augbrúnirnar deginum fyrir. Góður nætursvefn nóttina fyrir brúðkaupið er lykillinn að góðu útliti daginn eftir, að passa að nota snyrtivörur sem eru sérstaklega fyrir þína húðgerð og muna að það er ekki þess virði að stressa sig um of því streitan kemur í bakið á okkur og bitnar á útlitinu.“

Vill að húðin ljómi

Agnes Kr. Gestsdóttir er byrjuð að undirbúa brúðkaup sitt og tilvonandi eiginmanns síns, Alfreds, sem er 20. ágúst næstkomandi. Hún er búin að bóka Mariönnu til að sjá um brúðarförðunina og er undirbúningur kominn á fullt skrið.

Agnes á og rekur fæðubótarverslunina Leanbody ásamt tilvonandi manni sínum. Þau eiga samtals fimm börn og hafa verið saman í rúmlega sjö ár. „Fyrir tæpu ári vorum við í frii á Tenerife þegar Alfred bað mín við ströndina. Stóri dagurinn var ákveðinn strax og hefur undirbúningur fyrir brúðkaupið, sem verður þann 20. ágúst, staðið síðan,“ segir Agnes full tilhlökkunar.

Hvaða væntingar hefur þú þegar kemur að förðun fyrir stóra daginn?

„Ég hef þær væntingar að förðunin haldist vel á út daginn, komi vel út á myndum og sé fremur náttúruleg með áherslu á að draga fram það besta. Þess vegna treysti ég Mariönnu best fyrir þessu mikilvæga verkefni.“

Finnst þér nauðsynlegt að fá ráðgjöf um umhirðu húðarinnar?

„Já, algjörlega, ég tel mjög mikilvægt fyrir verðandi brúði að fá faglega ráðgjöf hjá snyrtifræðingi um hvað hentar hennar húð best. Val á réttum húðvörum getur skipt öllu. Þess vegna er mikilvægt að fá rétta greiningu á sinni húðgerð og faglegt val á vörum sem henta best. Ég vil að húð mín ljómi og sé sem oftast fyllt af raka, og sérstaklega á stóra daginn.“

Farði sem hentar réttum húðtón

Aðspurð hinn Agnesi miklu máli skipta að fara í prufuförðun fyrir stóra daginn. „Því þá fer fram ákveðið litaval, til dæmis á augun út frá mínum augnlit og farði sem hentar mínum húðtón og hvernig augnhár ég vil hafa. Það veitir mér líka öryggi að sjá væntanlega útkomu. Einnig finnst mér vert að fá góð ráð frá Mariönnu, til að mynda varðandi hvað sé gott að forðast til að verða sem minnst þrútin um augun.“

Þegar kemur að brúðarförðun, þarf hárgreiðslan að fylgja með í undirbúningnum?

„Já, ég tel það afar mikilvægt. Ég er búin að veltast fram og til baka með það hvernig ég vil hafa hárið og er að fara í prufugreiðslu númer þrjú á næstu dögum. Ég er með frekar stutt hár þannig að það eru margar útfærslur sem koma til greina. En heildarútlitið skiptir mig miklu máli, að greiðslan, kjóllinn og förðunin passi vel saman. Ég hef miknið notað Pinterest til að fá hugmyndir, það hefur hjálpað mér mikið.“

Undirbúningurinn hefur gengið vonum fram og Agnesi finnst skipta máli að njóta undirbúnings og hafa brúðgumann með í för.

„Nú er að síga á seinni hlutann í undirbúningnum og þetta er búin að vera einstaklega gaman og mjög fljótt að líða. Fyrir verðandi brúðhjúon mæli ég með að njóta þessa tíma og vera dugleg að gera hlutina saman. Eins og til dæmis að fara í danstíma eða í ræktina.“ ■

Gefðu íslenska myndlist

Einstök brúðkaupsgjöf

Vertu heima og skoðuðu einstök listaverk eftir um 150 íslenska listamenn.



apollo art
Stafren listasýning

www.apolloart.is

Íslensk ullarsæng



Gæða ull af íslensku sauðfé
létt · hlý · góð öndun · vistvæn

www.lopidraumur.is



Alltaf verið mjög skotin hvort í öðru



Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg
@frettabladid.is

Ástin mun svífa yfir vötnum og mikið verður um dýrðir þegar knattspyrnumaðurinn Jóhann Berg Guðmundsson gengur að eiga lögfræðinginn Hólmfríði Björnsdóttur suður á Spáni í næstu viku.

„Ástin getur auðvitað birst í óteljandi myndum, eins og Björgvin Halldórsson syngur svo fallega í laginu sínu, en í okkar huga koma þó upp tiltekin atriði sem ást okkar verðandi hjóna byggir á. Við erum, og höfum alltaf verið, mjög skotin í hvort öðru. Því kemur hrifning og ástríða fyrst upp í hugann. Gagnkvæm virðing, tillitssemi, traust og náin vinátta einkenna fyrst og fremst samband okkar, sem og stuðningur og frelsi til að þroskast sem einstaklingar og sem eining. Svo má alls ekki gleyma húmornum. Hann er lífsnauðsynlegur og hefur komið okkur í gegnum alls kyns verkefni síðastliðin ár.“

Þetta segir lögfræðingurinn Hólmfríður Björnsdóttir sem gengur að eiga sinn heittelskaða, Jóhann Berg Guðmundsson, knattspyrnumann hjá enska knattspyrnufélaginu Burnley, þann 16. júní.

Hófy og Jóhann hnutu um hvort annað á veitingastað í Reykjavík.

„Ég var þar að borða með vinkonu minni og Jóhann var með æskuvinum sínum. Þegar vinkona mín skaut á snyrtunguna var Jóhann fljótur að stökkva í sætið hennar og hóf við mig kurteislegt spjall. Að lokum bað hann mig um símanúmerið en ég svaraði því til að ég gæfi ekki okkunnugum mönnum símanúmerið mitt. Jóhann Berg hefur hins vegar alltaf litið á hindranir sem tækifæri og þannig varð það sannarlega í þetta sinn. Hann bað systur sína að hafa samband við systur mína í þeim tilgangi að nálgast símanúmerið mitt og viti menn, nokkrum dögum síðar fékk ég skilaboð send frá þessum bláokunnuga manni,“ segir Hófy og skellir upp úr.

Ástin talar sínu máli


Þau eru sannarlega ástfangin upp fyrir haus og Jóhann Berg veit upp á háir hvers vegna Hófy er sú eina rétta fyrir hann.

„Þegar við áttum okkar fyrsta spjall sá ég strax að þarna var alvöru kona á ferð og að ég yrði að redda símanúmerinu hennar til að kynnast henni betur. Það er erfitt að koma þessari tilfinningu í orð en þegar við fórum að spjalla meira, kynnast betur og vera meira saman, þá fann ég að hún væri sú rétta fyrir mig,“ segir Jóhann og heldur áfram:

„Hófy er duglegasta og metnaðarfullsta kona sem ég þekki. Ekki nóg með að hún haldi heilu heimili gangandi með litilli hjálp fjarri fjölskyldu og vinum; þá er hún einnig í fullu starfi sem lögfræðingur. Dugnaður hennar er, og hefur alltaf verið, einstaklega hvetjandi fyrir mig. Hófy er alltaf reidubúin að hjálpa öllum í kringum sig og er alltaf til staðar fyrir alla sína fjölskyldu og vini. Það skemmir svo ekki fyrir hvað hún er ótrúlega skemmtileg og falleg.“

Hófy er heldur ekki í vafa um hvers vegna hún vill verða eigin kona Jóhanns um aldur og ævi.

„Jóhann býr yfir öllum helstu kostum sem fólk myndi kjósa að



Fjölskyldan saman á lokaleik Burnley í maí síðastliðnum á Turf Moore, heimaleikvangi enska knattspyrnufélagsins Burnley sem Jóhann leikur fyrir.

geta státað sig af. Hið augljósa er hvað mér finnst hann sætur og skemmtilegur. Hann er jafnframt mjög yfirvegaður, duglegur og viljasterkur, einnig klár og mjög jákvæður. Frá fyrstu kynnum hefur hann borið með sér mikla einlægni og það finnst mér vera afar fallegur eiginleiki. Jóhann hefur líka alltaf komið til dyranna eins og hann er klæddur, og honum líður afar vel í eigin skinni. Það er eitt af því sem heillaði mig hvað mest þegar við kynntumst

fyrst og sem ég hef kunnað að meta við hann hvern einasta dag síðan. Föðurhlutverkið fer Jóhanni einnig einstaklega vel og er hann besti pabbi sem hugsast getur. Hann lifir fyrir hvern dag og kann að njóta lífsins til fulls og það er eitt af mörgu sem ég hef lært af honum og reynt að tileinka mér,“ segir Hófy.

Látlaust og fallett bónorð

Bónorðið bar Jóhann upp í Bodrum í Tyrklandi.

„Við fjölskyldan höfðum þá

Við vitum að án ástar er ekkert líf og án átaka er enginn þroski. Þess vegna er okkur afar mikilvægt að geta talað saman í einlægni og hreinskilni og þannig tekist á við skin og skúrir lífsins.

Hólmfríður Björnsdóttir

borðað kvöldverð á ströndinni og eftir að ég svæfði dóttur okkar sagðist Jóhann ætla að sýna mér eitthvað úti á veröndinni. Þegar ég kom út skellti hann sér á skeljarnar og sagði við mig nokkur falleg orð. Þetta var afar látlaus, náin og falleg stund, alveg í okkar anda,“ upplýsir Hófy.

Brúðkaupið fer fram á hótelinu La Finca Resort á Spáni.

„Við höfðum áður rætt um að halda brúðkaupið erlendis en vorum lengi vel ekki með ákveðna dagsetningu í huga. Á endanum má segja að örlogin hafi ráðið för við val á staðsetningu brúðkaupsins. Það er nefnilega þannig að sumarhúsið okkar er ekki langt frá hótelinu þar sem við verðum gefin saman. Í fyrirasumar vorum við í sumarfríi í sumarhúsinu og foreldrar Jóhanns með okkur. Sonur okkar, Björn Berg, var aðeins tæplega 5 mánaða, svo brúðkaups-hugleiðingar voru á þeim tímapunkti litlar sem engar. Dag einn fór að rigna og stakk þá Íris, móðir Jóhanns, upp á að við færum í bíltúr. Guðmundur, faðir Jóhanns, og Jóhann höfðu fyrr í ferðinni átt erindi á hótelið La Finca Resort og voru afar hrifnir af klúbbhúsinu við golfvöllinn. Við ákváðum því að enda bíltúrin á hádegisverði þar. Þegar þangað var komið tók á móti okkur yndislegt fólk sem labbaði með okkur um svæðið, en á þeim tíma var hótelið lokað vegna heimsfaraldursins. Í miðri kynningu staldra ég við, hnippi í Jóhann og spyrr hann í gríni hvort þetta sé ekki bara fullkominn staður fyrir brúðkaupið. Þá sagðist Jóhann hafa hugsað nákvæmlega það sama þegar hann hafði verið þarna nokkrum dögum áður,“ greinir Hófy frá.

Eftir heimsóknina á hótelið ákváðu Hófy og Jóhann að kanna þennan möguleika nánar en komust þá fljótt að því að allar helgar sumarsins 2022 væru upp-bókadaðar, enda hafði þurft að fresta fjöldanum öllum af brúðkaupum um ár vegna Covid-19.

„Eftir nokkra umhugsun fannst okkur svo tilvalið að halda veisluna 16. júní, enda lögboðinn frídagur næsta dag og svo tekur helgin við. Við höfðum aftur samband við hótelsstýruna sem tilkynnti okkur að dagsetningarnar sem við vildum væru lausar. Í framhaldinu ákváðum við að kyla á þetta, enda höfum við mikla tengingu við staðinn þar sem sumarhúsið okkar er í stuttri fjarlægð frá hótelinu. Sú tilhugsun að geta síðar meir heimsótt hótelið og sýnt börnum okkar og barnabörnum hvar við giftum okkur, finnst okkur líka dásamleg,“ segir Jóhann.

Eiga von á 170 gestum til Spánar

Athöfnin fer fram undir berum himni og verða brúðhjónin gefin saman af séra Sigurði Arnarsyni, sóknarpresti í Kópavogskirkju.

„Siggi er náinn fjölskylduvinnur og erum við honum afar þakklát fyrir að gefa sér tíma til að ferðast alla þessa leið fyrir okkur,“ segja brúðhjónin tilvonandi. Í athöfninni munu þau draga hringa á fingur hvors annars, sem voru

Koss í Kópavogskirkju. Það er séra Sigurður Arnarson, sóknarprestur í Kópavogskirkju, sem gefur þau Hófy og Jóhann saman í heilagt hjónaband á Spáni. MYND/ÍRIS GUNNARSÐÓTTIR

hannaðir og sérsníðaðir eftir þeirra óskum af kunningja þeirra í Manchester.

Í fyrstu höfðu þau litla sem enga hugmynd eða skoðun á því hvernig þau vildu hafa brúðkaupið.

„Við tókum þetta bara sem hvert annað verkefni og fundum út hvernig við vildum hafa þetta. Tengiliður okkar á hótelinu var ofboðslega hjálplegur og setti okkur í samband við konu sem starfar sem svokallaður „wedding planner“. Við hefðum varla getað undirbúið þetta nema með þeirra hjálp þar sem við búum hvorki á staðnum né tölum spænsku. Síðastliðna mánuði höfum við svo farið nokkrum sinnum til Spánar til að velja og hitta aðilana sem útbúa blómaskreytingar og önnur smærri atriði, smakka og ákveða veitingarnar, og ýmislegt fleira sem viðkemur þessum viðburði. Við erum afar þakklát öllu því góða fólki sem hjálpar okkur við að láta þetta allt verða að veruleika,“ segir þau Hófy og Jóhann.

Veisluhöldin hefjast með pompi og prakt miðvikudaginn 15. júní með fyrir-partíi á veitingastað í nágrenni hótelsins þar sem þau verða gefin saman.

„Þar munu allir hittast og gleðjast saman fyrir stóra daginn. Við eigum von á 170 dásamlegum gestum sem samanstanda af góðu vinafólki okkar og nánustu fjölskyldu. Daginn eftir verður svo athöfnin haldin um miðjan dag og eftir hana tekur við kokteilboð sem síðan leiðir til borðhalds innanhúss. Veislumaturinn endurspeglar svo sannarlega dálæti okkar í matargerð en kokteilboðið fyrir borðhaldið verður með spænsku ívafi.“

Fann brúðarkjólinn í London

Jóhanni og Hófy þykir mikill kostur að gifta sig á hóteli þar sem þau eru viss um að skemmtileg stemning myndist á meðal brúðkaupsgesta sem kjósa að gista með þeim á hótelinu.

„Þegar við ákváðum að halda brúðkaupið um hásumar á Spáni gerðum við okkur fulla grein fyrir því að sumir myndu trúlega ekki komast og höfðum auðvitað fullan skilning á því. Það kom okkur því skemmtilega á óvart þegar ljóst var að mætingin færi fram úr okkar björtustu vonum og það er einstaklega skemmtilegur partur af ferlinu að verða þess áskynja hvað allir eru spenntir og jákvæðir fyrir þessu,“ segir Jóhann.

Brúðarkjólinn verður vitaskuld leyndarmál þangað til brúðurin verður leidd upp að altarinu.

„Ég er ekki ein af þeim sem hafði myndað mér ákveðnar skoðanir um það hvernig draumakjólinn ætti að líta út. Ég var í samkvæmisdans í um fimmtán ár og hef því líklegast prófað allar útgáfur af prinsessukjólum sem til eru á markaðnum. Þó var það þannig að fyrir þó nokkru sá ég mynd af ákveðnum kjól sem mér fannst afar fallegur og höfðaði til mín. Þegar ég hófst handa í brúðarkjólaleitinni mundi ég eftir þessum fallega kjól og ákvað að athuga hvort einhver búið í nágrenninu væri með kjóla frá þessum tiltekna hönnuði eða merki. Ég fann slíka búið í London og ákvað að gera mér ferð þangað. Ég var svo varla búin að máta kjólinn þegar ég hringdi í mömmu á Facetime og sagði svo í framhaldi við afgreiðslustúlkuna: „Þetta er hann! Ég ætla að kaupa þennan!“ segir Hófy og hlær að minningunni.

Brúðkaupsferðin bíður betri tíma.

„Þar sem Jóhann þarf að mæta fyrr en ella til vinnu þetta sumarið ákváðum við að fresta brúðkaupsferðinni þar til síðar á árinu. Við höfum ekki enn tekið ákvörðun um áfangastað en höfum nokkra staði í huga sem gaman væri að heimsækja.“



Hófy segir föðurhlutverkið fara Jóhanni einstaklega vel.



Jóhann er mikill golfari og hefur Hófy reynt að fara með honum í golf á milli barneigna. Hér eru þau í golfi á Spáni.



Við ákváðum að afþakka allar persónulegar brúðargjafir en óska þess í stað að veislugestir okkar sameinist í því að styrkja Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna með frjálsu framlagi.

Jóhann Berg Guðmundsson

Veigamesta veganestið

Hófy og Jóhann Berg eiga saman tvö börn. Spurð hvers vegna þau hafi ákveðið að ganga í hjónaband nú, svara þau:

„Megin ástæða þess að við ákváðum að gifta okkur var og er sú að við elskum hvort annað og langar að njóta hvers dags saman það sem eftir er ævinnar. Eftir að við eignuðumst börnin okkar fannst okkur svo bara enn ríkari ástæða til að láta af þessu verða.“

Innt eftir því hvaða gildi hjúskaparsáttmálinn hafi í huga brúðhjónanna tilvonandi, stendur ekki á svári.

„Síðastliðinn áratug höfum við reynt að læra af hvort öðru og til-einka okkur kosti hvors annars, til að verða besta útgáfan af sjálfum okkur. Við teljum að með því að gera það verði maður jafnframt besta útgáfan af maka og besta útgáfan af foreldri fyrir börnin okkar. Það má því kannski segja að hjónavígslan sé aðeins opinberun á því að við höfum gert í þegjandi

Einn skemmtilegasti dagur lífsins segir Hófy hafa verið þegar vinkonur henni gæsa-parti með pompi og prakt heima á Íslandi. Þemað var hvítir kjólar og lifandi blómkransar.

MYNDIR/ADSENDAR

Jóhann Berg er ekki þekktur fyrir uppgjöf og sýndi út-sjónarsemi til að komast yfir símanúmer Hó-fýjar. Myndin er tekin þegar þau trúlofuðust.

hljóði síðastliðin ár og loforð um að þetta sé það sem okkur langar að gera í sameiningu það sem eftir er ævi okkar. Það verður því afar dýrmætt að deila þessari stund með okkar nánustu á Spáni.“

Þau Hófy og Jóhann eru sannfærð um hvert sé veigamesta veganestið í góðu hjónabandi.

„Við teljum gagnkvæma virðingu, traust, trúnað, vináttu og hómur vera grundvallaratriði í öllum góðum samböndum, þar með talið í hjónabandi. Við vitum að án ástar er ekkert líf og án átaka er enginn þroski. Þess vegna er okkur afar mikilvægt að geta talað saman í einlægni og hreinskilni og þannig tekist á við skín og skúrir lífsins.“

Þau lita björtum augum fram á veginn, brátt orðin eitt sem hjón.

„Við höfum tileinkað okkur það heilbrigða viðhorf til lífsins að hver dagur sé gjöf og að mikilvægt sé að lifa því lifandi. Framtíðarsýn okkar byggist því fyrst og fremst á því að njóta lífsins saman og að njóta þess að sjá börnin okkar vaxa og dafna.“

En hvað myndi fullkomna brúðkaupsdaginn?

„Við erum alveg viss um að gestirnir okkar, fjölskylda og vinir, verði það sem fullkomni daginn. Gott veður og góður félagsskapur svíkur engan! Við ákváðum einnig að afþakka allar persónulegar brúðargjafir en óska þess í stað eftir að veislugestir okkar sameinist í því að styrkja Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna með frjálsu fjárframlagi. Við eigum okkur þá einu ósk að láta gott af okkur leiða og því myndi það gera gott enn betra ef sem flestir tækju þátt í því að láta þessa ósk okkar verða að veruleika.“ ■



Helga Jónsdóttir og Hrannar Freyr Hallgrímsson eru gullsmiðirnir á bak við dýrgripina í Gullkúnst Helgu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Kúntin að hanna fyrir ástina

Skartgripaverslunin Gullkúnst Helgu er rekin af mæðginunum og gullsmíðameisturunum Helgu Jónsdóttur og Hrannari Frey Hallgrímssyni og er staðsett að Laugavegi 13 í glæsilegu húsnæði.

Í verslun Gullkúnst er frábært úrval af fallegu djásni sem heillar þör og verðandi brúðhjón. Helga og sonur hennar, Hrannar Freyr, eru gullsmiðirnir á bak við dýrgripina. „Við eigum að sjálfsgöðu fjölbreytt úrval af giftingarhringum og trúlofunarhringum. Einnig eigum við fallegar morgungjafir fyrir bæði herra og dómur og margt fleira,“ segir Helga.

Tiskan fer í hringi
„Hér áður fyrir voru baugarnir breiðari,

oft um 10 mm á breidd. Í dag er tiskan sú að giftingarhringirnir eru mjórri og þægilegri á fingri. Þetta breytist allt og þróast með tímanum og breyttum tíðaranda,“ segir Helga.

Hún bætir þó við að það sé allt í tisku í dag. „Það er allt leyfilegt í dag og okkur þykir gaman að bjóða upp á hringa sem eru óhefðbundnir. Við notum oft blöndu af málum til að ná fram skemmtilegum andstæðum og skerpu. Þá erum við með gróf hringapör, fingerða bauga og allt þar á milli. Við eigum til

dæmis gullfallett hringapar þar sem annar er klassískur hvítgullshringur. Hinn, sem er hringur á konu, er mjórri hvítgullshringur. Þá er hægt að kaupa demanta í sérgjafir til að bæta í baugana.

Demantarnir tákna þá ýmislegt í sambandinu, eins og börnin, hvert tíu ára brúðkaupsafmæli eða annað,“ segir hún.

„Það er alltaf mikið um að þör vilji láta sérhanna giftingarhringi, enda er mikilvægt að hringarnir hæfi persónulegum smekk hvers og eins. Þetta er jú lífstíðareign, ef allt gengur upp.“

Helga Jónsdóttir

Sérsmíði er ávallt vinsæl
Gullkúnst Helgu býður einnig upp á sérsmíði á skartgripum. „Það er alltaf mikið um að þör vilji láta sérhanna giftingarhringi, enda er mikilvægt að hringarnir hæfi persónulegum smekk hvers og

eins. Þetta er jú lífstíðareign, ef allt gengur upp,“ segir Helga. „Við erum líka mikið að bræða upp og smíða úr eldri gripum, til dæmis frá foreldrum eða ömmu og afa og nýta í hönnun á giftingarhringum. Þetta er mjög falleg leið til þess að gera hönnunina enn persónulegri. Við eigum giftingarhringa og morgungjafir á mjög breiðu verðbili, til dæmis silfurpör frá 18.000 kr. og gullpör frá 36.000 kr., sem henta fyrir mjög fjölbreyttan hóp brúðhjóna.“ ■

Gullkúnst er staðsett að Laugavegi 13.



Silfurpör með 14kt gulli.



Eitt af vinsælustu hringapörum hjá Gullkúnst er úr oxuðu silfri með 14 karata gulli sem er byggt ofan á.

MYNDIR/HRANNAR



14 kt gullpar með grófri áferð.



LaSalle
Amsterdam



hjá
Hrafnhildi

Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is

Oft í hlutverki bæði ráðgjafa og sálufélaga

Á rúmlega hálfri aldar starfsferli hefur Brynjar Eymundsson matreiðslumeistari komið nálægt skipulagi um 1.000 brúðkaupa. Þótt ýmislegt hafi breyst á þessum tíma einnast undirbúningurinn enn af spenningu og eftirvæntingu í bland við hæfilegt magn af stressi.

starri@frettabladid.is

Það er óhætt að segja að Brynjar Eymundsson matreiðslumeistari hafi upplifað ýmislegt á 55 ára starfsferli sínum þar sem hann hefur m.a. komið nálægt skipulagi og veitingum í næstum 1.000 brúðkaupum. „Við G. Elsa Guðmundsdóttir, eiginkona mín, stofnuðum og rákum Veisluna veitingaeldhús á Seltjarnarnesi í þrettán ár, frá 1988 til 2001. Á þessu tímabili komum við að undirbúningi a.m.k. einnar brúðkaupsveislu á viku og stundum mörgum sama daginn.“

Brynjar byrjaði um fjórtán ára aldurinn að kokka til sjós á fiskibátum frá Hornafirði og segist hafa gert fátt annað síðan en að elda mat, auk hefðbundinnar

skólagöngu í kokkanáminu. „Ég rak og kokkaði í Félagsheimili Kópavogs eftir námið í nokkur ár og svo í fimm ár á Gullna hananum sem þá var efst á Laugavegi. Á þessum stöðum kom ég að þó nokkrum brúðkaupsveislum sem kveiktu sannarlega áhuga minn á þeim.“

Í dag reka hjónin veitingastaðinn Höfnina í miðborg Reykjavíkur, sem þau settu á fót árið 2010 og hefur notið mikilla vinsælda meðal Íslendinga og ferðamanna.

Byrjaði allt með símtali

Fyrir tíma tölvupóstsins og samfélagsmiðla byrjaði undirbúningurinn yfirleitt með símtali segir Brynjar. „Þá voru verðandi brúðhjón búin að leggja línurnar verðandi húsnæði og samningar gerðir um matföng og þjónustu ýmiss konar. Það fór eftir stærð húsnæðis hversu víðtæka þjónustu þurfti en í öllum tilfellum fór maður á veislustaðinn og skipulagði veisluna með þeim. Samvinna við veislustjóra er alltaf hluti af góðri veislu því sannarlega er hægt að eyðileggja mat ef t.d. tímasetningar eru ekki ráðgerðar með veislustjóra. Þá, eins og í dag, skiptir þó öllu máli að halda



Brynjar Eymundsson hefur komið að undirbúningi um 1.000 brúðkaupa á ferli sínum.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

uppi léttleika í samskiptunum samhliða öruggum og faglegum vinnubrögðum.“

Stemningin kringum undirbúning brúðkaupa er íðulega skemmtileg þar sem blandast saman spenninngur og eftirvænting í bland við hæfilegt magn af stressi. „Brúðkaupsdagurinn er einn af þessum stóru dögum í lífi fólks og því er ábyrgð þjónustuaðila mjög mikil. Ekkert má fara úrskaiðis, aðeins má bæta væntingar fólksins á þessum degi.“

Persónulegri samskipti

Brynjar segir að margt fólk sem hann hafi unnið fyrir áður fyrir séu góðir vinir hans í dag. „Við undirbúning brúðkaups verða samskipti persónulegri og kannski vandaðri en í mörgum öðrum veisluundirbúningi. Þarfir fólks eru misjafnar og oft þarf að skipuleggja með tilliti til þess, með tilheyrandi fundahöldum um ýmsar útfærslur í mat, drykk og skipulagi.“

Honum er sérstaklega minnstætt eitt brúðkaup þar sem þurfti tólf samráðsfundi til að ná niðurstöðum sem allir gátu sætt sig við. „Alls kyns fjölskyldusamsetningar geta flækt svona framkvæmd og átti það sérstaklega við í þessu tilfelli. Helst var um svona tilvik þau ár sem við rákum Akó-gessalinn í Sóltúni, sem var mjög vinsæll undir brúðkaupsveislur. Þá var maður gjarnan hluti af öllu dæminu og í senn ráðgjafi og stundum sálufélagi.“

Þróðu margar hugmyndir

Á löngum starfsferli hefur Brynjar séð ýmsar breytingar á veisluþorðum brúðkaupsveislna. „Ýmsir réttir og nýjungar sem við bárum á borð fyrstu árin eru í dag til sem tilbúin matvæli í verslunum, eins og þessir klassísku laxaréttir, rækjur, humar og innbakaðar nautalundir. Seinna meir bættust í hópinn réttir úr kjúklingi og önd. Við Elsa, sem er lærð smurbrauðsjómfrú, byrjuðum strax í upphafi

Brúðkaupsdagurinn er einn af þessum stóru dögum í lífi fólks og því er ábyrgð þjónustuaðila mjög mikil. Ekkert má fara úrskaiðis.

Brynjar Eymundsson

að þróa með okkur nýjar hugmyndir að smáréttum og blanda saman hennar danska smurbrauðskúltúr og hugmyndum mínum úr kokkaheiminum þar sem við lékum okkur eins og enginn væri morgundagurinn.“ Hann segir það ekki hafa verið sjálfsagt á þessum tíma að blanda slíkum deildum saman. „En okkur finnst við hafa breytt talsverðu á þessum tíma með mjög mörgum nýjungum sem síðar urðu að vinsælum smáréttum á hlaðborðum hirlendis.“

Margar góðar minningar

Brynjar á eðlilega fjölmargar minningar frá síðustu áratugum sem tengjast brúðkaupum, ekki síst eigin brúðkaupi, en þau Elsa giftu sig á afmælisdegi hans árið 1983. „Athöfnin fór fram í Áskirkju og við bæði í hvítu og rauðu frá toppi til tåar. Skemmtileg uppákoma varð þegar ég kraup við altarið og heyrði klišú frá kirkjugestum þegar þeir sáu stóran verðmiða neðan á nýju spænsku eldrauðu skónum mínum. Bodið var upp á flotta kaffiveislu og kampavín frá tengdó en sjálf vorum við búin að ákveða að eyða kvöldinu saman tvö á Hótel Holti. Þar beið okkar flottur kvöldverður með einkaþjóni sem var vinur okkar. Við höfðum farið löngu áður og valið borð, mat og drykk svo skipulagið var allt í góðu. Þegar við mættum hins vegar á staðinn var öll matar-

lystin farin eftir spenninng dagsins og alls ekki hægt að drekka það í gang heldur þar sem hótelið, eins og flestir aðrir veitingamenn, átti ekki til áfengi eftir langt verkfall ríkisstarfsmanna.“

Óveðrið setti strik í reikninginn

Önnur brúðkaupsveisla sem er minnstætt var þegar hugmyndaríkur viðskiptavinur gerðist svo djarfur að leigja tvö stór tjöld og reisti þau skammt fyrir utan höfuðborgarsvæðið. „Við bjuggum til mjög flottan mat fyrir á annað hundrað manns en tjaldaleiga fyrir veislur var ekki almenn þá, svo þetta þótti bæði sérstakt og skemmtilegt. Ekki vildi betur til en svo að það skall á okkur því líkt ofsaveður þannig að tjöldin nánnast fuku ofan af fólkinu auk þess sem allt ætlaði að rigna í kaf. Óveðrið gekk þó yfir að lokum og þrátt fyrir nokkra seinkun fóru allir gestir glaðir heim. Ég er viss um að þetta hefur verið mjög minnstættur dagur í lífi þessarra brúðhjóna.“

Guggnaði degi fyrir brúðkaup

Ekki enda þó allar sögur vel. Brynjar rifjar í lokin upp sögu af ungu pari sem aldrei giftist. „Þetta var ung islensk kona og útlundur kærasti hennar sem ætluðu að ganga í það heilaga. Þau voru búin að skipuleggja dæmið frá a-ö með fjölskyldum sínum og ég átti að sjá um matinn. Gert var ráð fyrir um 70 manns og fjölskyldur og vinir voru mættir til Reykjavíkur utan af landi og frá útlöndum. Mikill undirbúningur var kominn í gang í matargerðinni en eins og gjarnt er þá fer hann ekki allur fram samdægurs. Klukkan 23, kvöldið fyrir brúðkaupsdaginn, hringdi móðir ungu konunnar og bað mig að hætta undirbúningi því brúðguminn hefði guggnað og væri á leið úr landi um morguninn. Þetta var auðvitað talsvert áfall en sennilega betra þannig en að fara ósátt að altarinu. Úr þessu varð ágætis samkomulag og allir urðu sáttir en svona fór um sjóferð þá.“ ■

Fylgið okkur á FB

Laxdal er í leiðinni



Skipholti 29b • Sími 551 4422 • www.laxdal.is

BILLI BI

CALVIN KLEIN

DR. MARTENS

FRU.IT

JEFFREY CAMPBELL

KARL LAGERFELD

LBDK

PAVEMENT

PHENUMB

SUPERGA

STEVE MADDEN

SHOE BIZ COPENHAGEN

TATUAGGI

WONDERS

Pú finnur **SKÓPARIÐ**

fyrir veisluna hjá okkur



VERÐ: 31.995.-



VERÐ: 28.995.-





VERÐ: 29.995.-



VERÐ: 29.995.-

gs skór

KRINGLAN • SMÁRALIND



Hugsar alltaf hlýlega til Pole Fitness

Þrátt fyrir ofurölvun, brotna tá og búningaleysi, hugsar Pétur Breki Bjarnason ávallt til steggjadagsins með sönnum hlýhug, enda var vináttan og kærleikurinn það sem stóð raunverulega upp úr þennan dag.

jme@frettabladid.is

Pétur Breki starfar sem Houdini Lead TD hjá Directive Games og rekur stórskemmtilega YouTube rás undir nafninu Birds of Play, með bróður sínum, Nökkva, þar sem þeir ræða Final Fantasy tölvuleikina. Aðspurður hvaða dag brúðkaupið fór fram segir Pétur: „16. ágúst 2014, ég þurfti ekki einu sinni að fletta því upp, sko mig!“ Þau hjónin voru gæsuð og steggjuð sama dag af vinum sínum, bæði vissu af gæsun og steggjun hins en ekki sinni eigin. „Þetta var tíu dögum áður ég kvæntist konunni minni, Signýju Jóhannesdóttur, þann 6. ágúst 2014, sama dag og skrúðganga Hinsegin daga átti sér stað,“ segir Pétur.

Dagur hefst á skoti og broti

„Dagurinn minn byrjaði á skoti af áfengi og svo beint í pógó-bolta-leik, allt saman mjög edlilegt,“ segir hann og hlær. Hann segir daginn þó svolítið móðukenndan sökum áfengis. „Við vorum þarna fimm eða sex saman yfir daginn.

Ég man óljóst eftir sjósundi, bolta-leikjum og tölvuleikjum. Mögulega bogfimi eða Laser Tag? Að minnsta kosti fórum við á kostum í Pole Fitness tíma niðri í bæ, þar sem við kepptumst um að snúast sem hraðast og klifra sem hæst á súlunni.

Eftir sérstaklega tignarlega tilburði hjá mér þar sem ég hékk á hvolfi, þá datt ég og náði að lenda frekar illa á stóru tá. En svo mikið var um áfengið að ég tók ekki eftir því fyrr en síðar. Þetta hefur gerst rétt eftir hádegis-pitsu niðri í bæ. Dagurinn var því rétt að byrja. En lukkulega var lítið mál að deyfja sársaukann með áfengisskotum.

Það var í rauninni ekki fyrr en nokkrum dögum síðar sem ég tók almennilega eftir því að eitthvað væri ekki eins og það ætti að vera. En ég þældi ekki mikið í því þar sem mér var ekkert sérstaklega illt í tánni. Hún greri náttúrulega skökk og ég get alltaf hugsað hlýlega til Pole Fitness þegar ég lít niður á fótinn á mér.“

Hafði brotna táin einhver áhrif á sjálfan brúðkaupsdaginn?

„Nei, svo sem ekki, verkjalyf og ástin lækna öll mein.“

Hvað kom þér mest á óvart?

„Ég bjóst sko alls ekki við því að vera steggjaður yfir höfuð og hvað þá að borða pitsu, þvílíkt hnossgei. Einnig komst ég að því að þegar maður er við það að deyja áfengisdauða, getur maður ofkælt líkamann og komið



honum í neyðarástand, þar sem hann gefur manni adrenalín innspýtingu og maður getur haldið áfram að skemmta sér. Ég mæli hins vegar ekki með því,“ segir Pétur alvarlegur í bragði. Pétur var ekki klæddur í asnalegan búning eins og hefð hefur myndast fyrir í heimi gæsana og steggjana í dag. „Ég slapp blessunarlega alveg

við það, enda lítum við vinirnir á svona daga sem daga gleði og vináttu, ekki dag þar sem manni þarf að liða illa eða skammast sín. Það sem stóð upp úr þennan dag var klárlega ástin og kærleikurinn (og tábrotið).“

Hefur þú sjálfur tekið þátt í að plana steggjun/gæsun?

„Já, fyrir bróðir minn, hann

Nökkva, sem tók líka þátt í minni. Sú steggjun var á margan hátt svipuð; mikið áfengi, fäklædd glíma í sleipiefni, Laser Tag og/eða bogfimi? Engin beinbrot samt.“

Hefðir þú viljað vera án steggjunarinnar?

„Nei, þetta eru skemmtilegar minningar til að eiga, tábrotið innifalið,“ segir Pétur að lokum. ■

Pétur Breki kvæntist árið 2014. Hann segir daginn hafa verið ógleymanlegan, en einnig steggjunina, sem hann bjóst ekki við að fá.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ERNIR

Húðumhirða mikilvægur liður í undirbúningsferli stóra dagsins

Góð húðumhirða er mikilvægur liður í undirbúningsferlinu fyrir stóra daginn. Best er að byrja með góðum fyrirvara að huga vel að húðinni. Mikilvægt er að þrifa hana kvölds og morgna, nota góð nærandi krem og passa að vera með sólarvörn til að vernda hana gegn óæskilegum geislum sólarinnar.

Vörurnar frá Augustinus Bader komu á markað árið 2018 og hafa unnið til fleiri en 60 verðlauna. Stjörnurnar nota kremin frá honum til að undirbúa húðina fyrir viðburði eins og Met Gala og Óskarinn. Þá má einmitt sjá förðunarfræðinga með bláu krukkurnar á lofti. Augustinus Bader, virtur stofnfrumfræðingur og prófessor í líftækni, hefur í 30 ár verið að þróa hágæða húðvörur sem hjálpa til við að

draga úr öldrun húðar, litablettum, bólum og þurrki. Húðfrumurnar endurnýja sig þegar vörurnar eru notaðar og það sést svo sannarlega með auknum ljómaStjörnur á borð við Jennifer Aniston, Victoriu Beckham, Margot Robbie og Kim Kardashian nota kremin frá merkinu og eru miklir aðdáendur. Augustinus Bader vörurnar fást í Eliru, snyrtivöruverslun í Smáralind. Þar veita snyrtifræðingar fagmannlega þjónustu hvað varðar húðumhirðu og förðun. Einnig er hægt að versla á elira.is.

Elira Beauty er á fyrstu hæð í Smáralind.



PAUL SMITH
TIGER OF SWEDEN
MATINIQUE
J. LINDBERG
ETON
TOMMY HILFIGER
SAMSØE SAMSØE

- KLASSÍSKUR HERRAFATNAÐUR FYRIR ÞIG -



VERÐ: 39.995.-



VERÐ: 13.995.-



VERÐ: 11.995.-

Kultur
menn

KRINGLUNNI | SMÁRALIND



Í hamingjukasti að ganga að eiga elsku Helga



Sjöfn
Þórðardóttir
sjofn
@frettabladid.is

Heiða Ólafsdóttir, söng- og leikkona, giftist sínum heittelskaða, Helga Páli Helgasyni, í fyrrasumar og var svo lukkuleg að geta haldið draumaveisluna. Stóri dagurinn var 24. júlí, sem jafnframt er afmælisdagur eiginmannsins. Heiða fann draumabruðarskóna og fékk líka draumabruðkaupstertuna þar sem hvíti liturinn fékk að njóta sín til fulls.

Margir muna eftir Heiðu í hæfileikakeppninni Idol stjórnuleit sem fram fór árið 2005 en Heiða hefur sungið allt frá þeim tíma auk þess sem hún útskrifaðist frá leiklistarháskóla í New York 2009. Eiginmaðurinn Helgi Páll Helgason er doktor í tölvunarfræði og gervigreind.

„Við vorum svo heppin að leiðir okkar lágu saman í afmæli hjá sameiginlegum vinum, en þar sem við störfum á afar ólíkum vettvangi var algjör himnasending að hittast þar því líklegast hefðum við aldrei annars hist. Nú búum við saman með samsettu fjölskyldunni okkar í draumahúsinu sem við keyptum okkur og hlökkum til að dansa saman í gegnum lífið,“ segir Heiða.



Íðilfagra brúðarskóna fann Heiða í versluninni Kjólum og konfektí.

Þessir fallegu skór voru, án gríns, blóði drifnir eftir veisluna því stuðið var það mikið að ég dansaði mér til blóðs.



Gullfallegra brúðarertu bakaði Eva María Hallgrímsdóttir í Sætum syndum.



Heiða giftist sínum heittelskaða, Helga Páli Helgasyni, á fögnum sumardegi í fyrra og héldu þau draumabruðkaupið með hjálp góðra vina.
MYNDIR/HEIDA HB

okkur leist best á sal Ferðafélagsins í Mörkinni. Við höfðum samband en vissum að líkurnar væru litlar, nema hvað, maðurinn sem leigir salinn út fyrir hönd félagsins sagði: „Ég trúi ekki að þið séuð að biðja um salinn þennan dag því ég fékk akkúrat afbókun í dag og vanalega erum við bókuð alla laugardaga.“ Þá hugsuðum við að þetta væri merki um að við ættum að gifta okkur með þessum stutta fyrirvara í staðinn fyrir að biða í ár. Allt var sett á fullt, boðskortin send út og á sjö vikum náðum við að gera draumabruðkaupið okkar.“

Dansaði til blóðs

Heiða sló tvær flugur í einu höggi og fann brúðarkjólinn og draumaskóna í sömu versluninni. „Ég fer alltaf í Kjóla og konfekt þegar mig vantar fót fyrir sviðið sem söngkona eða til að fara í veislur og meira að segja líka þegar við fermdum dómuna okkar um hvítasunnuna. Þær hjá Kjólum og konfektí eru bara ávallt með réttu kjólana fyrir mig, en viti menn, þær eru líka með skó. Þar fann ég draumaskóna við kjólinn. Þeir eru hvítir, fallegir, þægilegir og ekki of háir fyrir brúði sem þarf að standa í lappirnar í marga klukkutíma. Nema hvað, sama hversu þægilegir þessir fallegu skór eru, að þá voru þeir, án gríns, blóði drifnir eftir veisluna því stuðið var það mikið að ég dansaði mér til blóðs. Ég fór því í einnota inniskóm, sem eru þarfapungur í veislum, við keyptum fullt af þörum fyrir dansandi stuðpinna sem þurftu hvíld frá hælum, á Grand hótél, þar sem við vörðum brúðkaupsnóttinni. Við fórum síðan til Barcelona í brúðkaupsferð á fertugsafmælisdaginn minn og ég ætlaði svoleiðis að vera svaka þægja þar, en nei, það

Ég grét eins og ég veit ekki hvað alla athöfnina en ég er afar grátmild kona og eðlilega í kirkjunni að gangast að eiga elsku Helga minn.

gekk ekki upp. Ég þurfti á fyrsta degi að kaupa mér flatbotna, ekki svo smart, sandala sem meiddu ekki sárin á tám brúðarinnar og þurfti gjörið svo vel að nota þá nánast alla ferðina á meðan sárin greru. Þetta var samt þess virði eftir dásamlega veislu og fullkomna athöfn þar sem landslið vina minna í tónlist söng og ég grét eins og ég veit ekki hvað alla athöfnina, en ég er afar grátmild kona og eðlilega í hamingjukasti í kirkjunni að gangast að eiga elsku Helga minn.“

Guðdómlega falleg og góð kaka

Heiða býr svo vel að eiga mágonu sem er snillingur í bakstri og kökuskreytingum, sem töfraði fram glæsilega brúðarertu. „Draumakökuna gerði auðvitað elsku besta Eva María, mágkona mín, besta vinkona og eigandi Sætra synda. Guðdómlega falleg og góð kaka. Ekki nóg með hvað ég er rík að eiga vini sem syngja og spila og baka gullfallegar kökur, þá á ég að listakonurnar sem eru vinkonur mínar, þær Heidu HB og Rebekku Ötlu, sem skreyttu salinn sem var fallegasti salur sem ég hef séð. Rebekka bjó til blómabogann sem er yfir kökunni. Þær vinna báðar við að skapa alls konar fegurð en að auki er Heiða ljósmyndari og tók fallegu brúðkaupsmyndirnar okkar.“ ■

Þriggja daga festival

Ætlunin var að gifta sig í ár en þegar tækifæri gafst á síðasta ári, þegar þjóðin fékk smá pásu frá Covid, slógu Heiða og Helgi til og skipulögðu brúðkaup á skömmum tíma.

„Við ætluðum alltaf að gifta okkur sumarið 2022, síðan opnaðist allt í smá Covid-pásu, sællar minningar síðasta sumar, og við hugsuðum að ættum við kannski bara að gera þetta núna, til hvers að biða? Allir voru þyrstir í veisluhöld og að gleðjast. Þannig að við ákváðum með sjö vikna fyrirvara að kýla á þetta í fyrra og ekki að ástæðulausu. Þarna var kjörið tækifæri því afmælisdag Helga bar upp á laugardegnum 24. júlí sem er brúðkaupsdagurinn okkar. Trúlofunardagurinn er 25. júlí en við trúlofuðumst ári fyrr og ég varð fertug 26. júlí. Því mun ávallt verða þetta þriggja daga festival í okkar lífi. Við vorum alltaf ákveðin með að giftast í Gardakirkju sem var laus 24. júlí. Næsta skref var að athuga hvort salur væri laus og

GLÓANDI MEÐ ICEHERBS

Íslenskt Astaxanthin 4 mg. MED E-VÍTAMÍNI 60 MYKILFÆÐUBÓTABRENI

- Viltu einstaka vörn gegn geislum sólar og bætt rakastig húðarinnar?
- Öflug virkni fyrir glóandi húð

Kjólar fyrir öll tilefni

Mikið úrval af fatnaði í stærðum 42-58
Sjáðu úrvalið í netverslun www.Curvy.is
eða komdu í verslun Curvy við Grensásveg

Opið alla virka daga frá kl. 11-18
og laugardaga frá kl. 11-16

Curvy



Satín kjóll
9.990 kr



Samfestingur
8.990 kr



Kaffe Curve kjóll
11.990 kr



Blómakjóll
7.990 kr



Túnika
6.990 kr





Auður Árnadóttir, blómaskreytingameistari, var á unglingsaldri þegar hún fékk fyrst áhuga á blómum. Hún segir brúðarvendi oftast persónulega og gerða eftir óskum brúðarinnar. Vinsælustu blómin í sumar séu bóndarós, orkídeur og brúðarslör. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR



Fallegt er að setja fallegar jurtir sem skraut í vínfötu.



Glæsilegar borðskreytingar sem setja hátiðlegan brag á veisluborðin.



Oftast er ákveðið þema með litum blóma í brúðkaupum og borð skreytt í stíl við það til að ná fram heildarútliti.

Blómin skapa hamingju og gleði

Auður Árnadóttir blómaskreytingameistari hefur unnið með blóm frá því hún var sextán ára. Hún útskrifaðist frá Danmörku árið 1982 og segir að blóm séu ómissandi í allar veislur.

elin@frettabladid.is

Auður segir að það hafi verið öðruvísi að útskrifast frá Danmörku því þar séu blóm í öllum veislum og mikið lagt upp úr blómaskreytingum. „Það var gaman að vera fagaðili í blómaskreytingum í Danmörku og úrvalið af blómum alveg stórkostlegt. Veislurnar verða svo hátiðlegar og eftirminnilegar. Hér á Íslandi finnst mér alltof lítið notast við fagfólk til að skapa stórkostlega stemningu sem fylgir því að skapa blóm við hátiðleg tækifæri. Fólk sem skreytir með blómum talar oft um hversu mikla gleði og birtu þau skapa í andrúmsloftið.“

Auður minnst á hversu margt hafi breyst frá því hún byrjaði. „Þegar innflutningur á blómum var leyfður breyttist heilmikið. Úrvalið varð meira og fjölbreyttara og gaf blómaskreytum tækifæri til að skapa öðruvísi skreytingar, sem aftur glöddu viðskiptavinina,“ segir hún.

Auður rekur blómabúðina á

Garðatorgi í Garðabæ sem nefnd er í höfuðið á henni. „Áhugi minn á blómum byrjaði strax þegar ég var unglingsmaður og það varð til þess að ég valdi þetta fag þegar ég bjó í Danmörku. Blóm í allri sinni dýrd eru orkugefandi, heilandi og færa manni ómælda gleði. Blómin eru því stórkostlegt áhugamál í leik og starfi,“ segir hún.

Auður segist finna mikið fyrir því hversu mörg brúðkaup verði í sumar og allt komið á fullt eftir Covid. „Sumir hafa frestað brúðkaupum einu sinni eða jafnvel tvisvar. Það ríkir því mikil spennan og gleði fyrir stóra deginum. Það er mismunandi hversu mikið fólk leggur upp úr einum stærsta degi lífsins. Sumir vilja hafa stóra veislu með öllu tilheyrandi meðan aðrir hafa minni veislu með sínum nánustu. Mörg brúðhjúon sem halda minni veislu hafa lagt mikið upp úr því að hafa fallega skreytt með blómum og finna gleðina sem blómin skapa. Oft er ákveðið þema með litum blómanna og borðin skreytt í stíl við þau til að ná fram heildarútliti. Sumir hafa ákveðnar skoðanir meðan aðrir hafa ekki fastmótada skoðun og það er mjög gott að setjast niður og ræða óskir hjóna og gefa ráð,“ segir Auður, sem hafði nýlengi við skreytingar í tveimur brúðkaupum þegar við ræddum saman.

Þegar hún er spurð hvaða blóm

Blóm veita mikla gleði og hamingju. Þau gera brúðkaupið ógleymanlegt með allri sinni fegurð og gera lífið bjartara.

Auður Árnadóttir

séu vinsælust í sumar, svarar hún: „Bóndarós, orkídeur og brúðarslör eru alltaf mjög vinsæl og síðan þau blóm sem tóna vel saman. Úrval hefur aukist mikið á blómum og því úr mörgu að velja. Hér á landi leggur fólk minni áherslu á að skreyta með blómum í kirkjunni, en það er vinsælt erlendis. Það er mjög fallegt að hafa blómaskreytingu á altarinu og svo er ekkert fallegra en lifandi blóm á borðum í brúðkaupsveislum. Blómin veita mikla gleði og hamingju. Þau gera brúðkaupið ógleymanlegt með allri sinni fegurð og gera lífið bjartara.“

Persónulegir brúðarvendir

Auður segir að brúðarvendirnir séu yfirleitt persónulegir og gerðir eftir óskum brúðarinnar. „Sumar eiga sér eitthvað uppáhaldsblóm,



Vinsælt er að blanda blómum saman við efnivið úr íslenskri náttúru.

síðan ræður árstími hvaða blóm eru í boði. Þeir eru bæði hefðbundnir, rustic, stærri og frjálslægri en hér áður fyrr. Til dæmis velja náttúruunnendur og útivistar fólk blóm sem blönduð eru með einhverju fallegu úr íslenskri náttúru. Erlend pör sem gifta sig á Íslandi velja líka oft náttúruleg blóm.

Eru einhver blóm sem ber að varast, til dæmis þau sem gefa frá sér lit?

„Það þarf að fara mjög varlega ef notast er við lituð blóm, þau geta auðveldlega litað og skemmt brúðarföt og annað. Það er hins vegar allt í lagi að setja blóm með

smá angan í brúðarvöndinn. Fordast þarf að hafa blóm með mikilli angan í veislusölum þar sem matur er borinn fram.

Hvernig myndir þú segja að hið fullkomna skreytta veisluborð sé?

„Fallega skreytt veisluborð með fallegum blómum, litum og borðbúnaði sem spilar vel saman gefur hátiðlegt yfirbragð, það er fagmannsins að tölfa þetta fram,“ svarar Auður.

Hún segir að það sé líðin tíð að brúðir þurki brúðarvöndinn. „Brúðir eiga yfirleitt sinn brúðarvönd en láta líka útbúa svokallaðan kastvönd.“ ■



HABELLA kjóll
Stærðir 42-50
Verð 26.980



ES&SY Winona kjóll
Stærðir 38-46
Verð 8.980 kr



ES&SY Emma kjóll
Stærðir 38-46
Verð 8.980 kr



ES&SY Whitley kjóll
Stærðir 38-46
Verð 8.980 kr



SUNDAY kjóll
Stærðir 38-52
Verð 13.980 kr

yesta

yest

no secret

Q'neel

ROBELL

ZHENZI

ZÉZE
Nordic

OPHILIA



GOZZIP Henriette kjóll
Stærðir 38-56
Verð 13.980 kr



STUDIO Alida kjóll
Stærðir 38-56
Verð 13.980 kr



STUDIO Yelva kjóll
Stærðir 40-56
Verð 15.980 kr



STUDIO Sinne kjóll
Stærðir 38-56
Verð 15.980 kr



GOZZIP Olga hlýrakjóll
Stærðir 40-56
Verð 12.980 kr

SYBEL+

FRANSEN

festival
DENMARK

STUDIO

Tamaris

GOZZIP

Handberg

SANDGAARD

Jana

LASESSOR



IVY BEAU stuttermabolur
Stærðir 38-46
Verð 7.980 kr



JANA lakkskór fást líka í möttu
Stærðir 37-41
Verð 8.980 kr



TAMARIS Business Casual leðurskór
Stærðir 37-41
Verð 18.990 kr.



TAMARIS ballerínuskór
Stærðir 37-42
Verð 12.980 kr



Sling hliðartaska
Fæst líka í brúnu og rauðu
Verð 8.990 kr

Verzlunin Belladonna

belladonna

Líttu við á
belladonna.is

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460

Klæðnaður brúðgumans þarf ekki að vera formfastur



Alveg sallaþinn brúðgumi með hatt sinn í hendi. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Hér áður fyrr voru giftingarföt brúðgumans mun formfastari en nú tíðkast. Slakað hefur verið á öllum reglum um ákveðna liti eða form. Hins vegar er sú regla enn við lýði að karlkyns gestir séu ekki finni í tauinu en sjálfur brúðguminn.

elin@frettabladid.is

Formlegheit og regla um fatnað, svokallað „dress code“, í brúðkaupum, hafa látið undan frjálshlyndi fólks í fatavali. Meira að segja í konunglegum brúðkaupsveislum hafa formlegheitin verið víkjandi. Gestir þurfa þó ávallt að gæta þess að taka ekki athyglina frá brúðhjúonunum. Einnig ættu gestir að íhuga vel staðsetningu og íburðveislunnar þegar klæðnaður er valinn.

Sú var tíðin að karlmenn mættu í hefðbundnum heiðursmannafatnaði á formlega viðburði eins og brúðkaup, sérstaklega var þessi klæðnaður sem nefnist „morning suit“ áriðandi hjá konungsbörnu fólki eða yfirstéttinni í Bretlandi. Jakkinn, sem minnst á kjölfatajakka, er síður að aftan og með einni tölu að framan. Grátt tvíhneppt vesti, hvít skyrta og gráteinóttar buxur.

„Morning suit“ sést vart lengur nema hjá kóngafólki.

Brúðgumar eða gestir þurfa ekki að hafa áhyggjur af slíkum fatnaði. Hins vegar er mælt með því að brúðgumar velji sér virkilega vönduð jakkaföt fyrir stóra daginn, sem hægt verður að nota lengi. Helst ættu þau að vera tímalaus. Blá jakkaföt eru góður kostur, þau eiga að vera dimmblá og alveg hiklaust með vesti. Slík jakkaföt með satínbindi, hvítu skyrtu og blómi í jakkakraganum gera karlmanninn bæði glæsilegan og hátíðlegan, eftir því sem tiskuspækungar segja. Á sumrin má þó vel nota ljósari tóna í bláu og gráu, gjarnan tvíhneppt án vestis. Við slík föt ætti að nota hvíta skyrtu, svarta skó, fingert pastellitt bindi og vasaklút í stíl.

Annað val er að gifta sig í svörtum eða dimmbláum smóking. Hvít smókingsskyrta, svört slaufa



Fyrir þá sem hafa gaman af hinu listræna. Jakki með fallegu skrauti á annarri hliðinni.

og lakkskór eiga vel við slíkan fatnað. Smóking er þó fremur kvöldklæðnaður og giftingar eru oft á daginn svo sumum finnst það varla við hæfi. Frjálshleikinn er þó allsráðandi og vel má vera í smóking í dagbrúðkaupi, bara muna að hafa útlitið klassískt og stílhreint.

Þegar brúðguminn klæðist smóking ætti að láta vita í boðskortinu að þetta sé formlegt og klassískt brúðkaup. Þá geta gestir einnig klætt sig í smóking. Svört eða dökkblá jakkaföt passa einnig vel. Ef ekkert er getið um formlegheit í brúðkaupsboðskortinu er hægt að mæta í alls kyns litum jakkafötum, dökkbrúnum skóm og fallegum skyrtum. Það þarf svolítið að meta veðurfarið þann dag sem brúðkaupið fer fram, varðandi hvernig er best að klæðast. Ef um sumarbrúðkaup er að ræða á sólskinsdegi er allt í góðu að vera í ljósum litum. Færst hefur í aukana að íslensk brúðhjúon gifti sig á Ítalíu eða Spáni. Í slíkum brúðkaupum er vel hægt að vera í þægilegri hörskyrtu og stökum buxum í ljósum lit. Sem sagt að klæða sig eftir aðstæðum. ■



Frekar síður jakki og glitvesti fyrir þennan brúðguma.



Flottur og öðruvísi jakki sem er síðari að aftan.



Blá jakkaföt fyrir brúðgumann eru mjög vinsæl um þessar mundir. Skemmtilega skreytt vesti undir þessum fötum sem Stella White sýndi á brúðarfatafatskýningu í Napólí.

Viltu ljóma til næsta bæjar?



Þjóðum upp á persónulega ráðgjöf



Bræðurnir og prinsarnir Vilhjálmur og Harry voru í „morning suit“ þegar þeir mættu í brúðkaup Pippu Middleton og James Matthews eins og lög gera ráð fyrir hjá yfirstéttinni í Bretlandi.



Þessi jakki er heldur óvenjulega hnepptur sem gerir fötin skemmtileg.

Verið velkomin!



Hátún 6b, 105 Reykjavík / Sími 519 3223 / www.hudin.is

GRÆJAÐU FLOTTAR BRÚÐKAUPSGJAFIR SEM HITTA Í MARK

ELKO 

Birt með lýrvara um myndabrengi, verð- og prentvillur. Vörurval og vöruframboð getur verið breytilegt milli verslana.




- 1 - Sonos One Gen 2 hátalari - 39.995 kr. | 2 - Xiaomi Roborock S6 MaxV ryksuguvélmenni - 124.995 kr. | 3 - Sage Barista Express Espresso vél - 119.995 kr.
4 - Aarke Carbonator III kolsýrutæki - 29.995 kr. | 5 - KitchenAid Artisan hrærivél 175 - 97.995 kr. | 6 - Samsung The Frame 32" QLED sjónvarp - 99.995 kr.
7 - Ninja Foodi tvöfaldur loftsteikingarpottur - 37.995 kr. | 8 - Philips Steam & Go Plus gufubursti - 16.995 kr. | 9 - Coravin Model Three vínvörsluset - 39.995 kr.
10 - Temptech Sommelier vínkælir - 139.990 kr. | 11 - Ninja Foodi Zerostick 28 cm panna - 9.995 kr. | 12 - Vitamix Ascent A2300 blandari - 99.995 kr.
13 - Flowlife Flowfeet fótanuddtæki - 35.995 kr. | 14 - Ooni Koda 12" gas pizzaofn - 54.995 kr.

STILLANLEG HJÓNARÚM MEÐ BODYPRINT DÝNU



GERIÐ GÆÐA- OG VERÐSAMANBURÐ



WWW.SVEFN OG HEILSA.IS

VERSLANIR:

ENGJATEIGI 17-19,
REYKJAVÍK
S: 581 2233



BALDURSNESI 6,
AKUREYRI
S: 461 1150



OPIÐ:

VIRKA DAGA.....KL. 10:00 - 18:00
LAUGARDAGA....KL. 12:00 - 16:00

UMBODSAÐILAR:

HÚSGAGNAVAL, HÖFN Í HF.
BARA SNILLD, EGILSSTAÐIR

ERT ÞÚ KLÁR FYRIR SUMARIÐ?



Superalp GTX ♂ ♀
Fjölhæfir, vandaðir gönguskór
42.990 kr.



AKU Alterra GTX ♂
Gönguskór með góðan stuðning
35.990 kr.



AKU Alterra GTX ♀
Gönguskór með góðan stuðning
35.990 kr.



AKU Tribute II GTX ♂ ♀
Léttir og liprir gönguskór
28.990 kr.



Ferrino Swift
Létt og meðfærileg tjalddýna
19.990 kr.



Exped Dura 5R Duo M
Vönduð tjalddýna fyrir tvo
67.990 kr.



Exped Ultra 3R M
Físlétt og vönduð tjalddýna
38.990 kr.



Sit Pad Flex
Ferðasessa
2.990 kr.



Ferrino Lightent 2 Pro
Göngutjald fyrir tvo, lúxus fyrir einn!
44.990 kr.



Ferrino Nemesi 2 Pro
Létt og meðfærilegt göngutjald fyrir tvo
43.990 kr.



Ferrino Lightech 1000 Duvet
Vandaður, hlýr og léttur dúnpoki
42.990 kr.



Ferrino Nightec 800
Hlýr og vandaður poki
fyrir krefjandi aðstæður
31.990 kr.

EXPED

FERRINO

AKU
trekking & outdoor footwear

Stingum af...

GG SPORT

